

Greiðslukerfi



Jóakim Lífeyrisgreiðslukerfi




Efnisyfirlit:

Lífeyrisgreiðslur	1
Greiddsluþegar	1
Lífeyrisstýringar	2
Séreignarstýringar	3
Persónuafsláttur Greiddsluþega.....	4
Skattþrep greiddsluþega	4
Undanþágur staðgreiðslu.....	4
Greiddsluhreyfingar	5
Tekjur	6
Tekjustýringar greiddsluþega	6
Framtalstekjur.....	6
Staðgreiðslutekjur.....	6
Lífeyrir utan kerfis	6
Lífeyrisþök	7
Tekjur utan RSK.....	7
Innlestur framtalstekna	7
Innlestur staðgreiðslutekna.....	7
Uppfærsla lífeyrisþaka	7
Tilkynningar um tekjubreytingar	8
Útreikningur á lífeyrisþaki	8
Lífeyrisþök samantekt	8
Framtalsathugun	8
Uppgjörstekjuþök	8
Umsóknir og úrskurðir	9
Umsóknir í vinnslu	9
Umsóknir	9
Nýjar umsóknir.....	9
Frágangur umsóknar.....	10
Iðgjaldagrunnur	10
Fráviksár í framreikningi.....	10
Framleiðsla iðgjaldagrunns	11
Úrskurðarvinnsla	11
Úrskurðarblað.....	12
Tekjuathugun.....	13
Bréf til umsækjenda	17
Greiddsluþegar	17
Breytingasaga umsókna.....	17
Örorkumat	17
Úrskurðuð gögn.....	18
Skattþrep greiddsluþega	18
Samskipti	19
Lífeyrir utan kerfis	19
Bréf til annara sjóða	19
Réttindasjóður	19
Umsóknarlisti	19
Afstemming réttinda.....	19
Sjúkdómagreining	20

Rafrænar ellilífeyrisumsóknir.....	20
Gögn umsókna.....	20
Breytingasaga umsókna.....	20
Iðgjaldagrunnar.....	20
Fráviksár í framreikningi	20
Úrskurðuð réttindi	20
Úrskurðuð viðmiðunariðgjöld	21
Úrskurðuð réttindasjóði	21
Úrskurðuð nýting viðmiðunariðgjalds.....	21
Samskipti úrskurða	21
Stjórnupplýsingar	21
Skráning umsóknartegunda	21
Almennar umsóknartegundir	22
Umsóknartegundir ellilífeyris.....	22
Umsóknartegundir Örorkulífeyris	22
Umsóknartegundir makalífeyris	25
Tegundir fylgigagna	25
Umsóknarstöður	25
Umsóknarflokkar	25
Umsóknarstofur	26
Samskiptahópar umsókna	26
Sjúkdómaflokkun	26
RSK umsóknir vegna séreignaútgreiðslu	27
RSK séreignaútgreiðslur stjórnupplýsinga	27
Stjórnupplýsingar	27
Lífeyristegundir sjóða.....	28
Séreignartegundir sjóða	28
Lífeyristegundir	28
Séreignartegundir.....	29
Tekjutegundir launagreiðanda	29
Sjóðir utankerfis	29
Grunnupplýsingar	30
Greiðsluflokkar	30
Staðlaðar athugasemdir.....	30
Greiðslusjóðir	30
Greiðsluhópar	31
Tekjutegundir	31
Umsjónaraðilar persónuafsláttar.....	31
Greiðslustofur	31
Tekjustýringar greiðslustofu.....	32
Bankar og höfuðbækur	32
Sjúkdómaflokkun	32
Uppfærslur.....	33
Greiðsluvinnslur	33
Greiðslur til banka	33
Greiðslur til banka í gegnum vefþjónustu	33
Hreyfingar til skatts	34
Útlestur lífeyrisstýringa	34
Útlestur greiðsluþega.....	34
Áramótastillingar	35
Lífeyrissjóðamiðar.....	35

Mínar runuvinnslur.....	35
Skýrslur greiðslukerfis	36
Skýrslur greiðsluþega og hreyfinga.....	36
Yfirlit um lífeyrisþega.....	36
Lífeyrisgreiðslulisti	36
Séreignagreiðslulisti	37
Greiðsluhreyfingar	37
Niðurstöðulisti lífeyrisgreiðslna.....	38
Greiðslulisti sjóða.....	38
Lífeyrisstýringar	39
Séreignarstýringar	39
Límmiðar til greiðsluþega	40
Lífeyristilkynningar.....	40
Almennar tilkynningar	40
Fleiri skýrslur	41
Millifærslubeiðni banka	41
Skattkortablað.....	41
Lífeyristalningar.....	41
Lífeyrisstatistik.....	42
Uppgjör til launagreiðenda.....	42
Eftirlitsskýrslur.....	42
Breytingayfirlit greiðsluþega.....	42
Nýir greiðsluþegar.....	43
Eftirlit með ellilífeyri	43
Greiðsluskipting ellilífeyris.....	43
Athugun bankareikninga	43
Ógreidd iðgjöld í úrskurðum	43
Skýrslur vegna UE	44
Skýrslur umsókna.....	44
Umsóknarlisti	44
Úrskurðarskýrsla	44
Skýrslur sjóðfélaga.....	44
Sjóðfélagalisti.....	44
Límmiðar til sjóðfélaga	45
Skýrslur markaðstaflna.....	45
Markaðskennitöluyfirlit.....	45
Samanburður markaðstölutaflna	45
Vaxtayfirlit	45
Staðgreiðsluyfirlit.....	45
Skýrslur vegna sjúkdómagreiningar.....	46
Sjúkdómar og lífeyrisþegar	46
Makaskiptasamningar	46
Önnur gögn.....	47
Uppgjörsstýringar greiðsluþega	47
Beiðnir um tekjuupplýsingar	47
Breytingasaga persónuafsláttar	47
Breytingasaga skattþrepa greiðsluþega	47

Lífeyrisgreiðslur



Þegar Lífeyrisgreiðslur í valmyndatrénu er opnað, sjást þeir verkliðir sem þær innihalda. ÖR (og mappa) fyrir framan verklið þýðir að hann inniheldur undirverkliði. Til að opna verklið, er tvísmellt með músinni á þann verklið.

Til þess að fara til baka í fyrri mynd, er ýtt á **Esc** eða  (margföldunarmerkið fyrir ofan 9 á talnaborðinu)..

Hér á eftir verður farið yfir verkliði í þeirri röð sem þeir koma fyrir í valmyndunum.

Úr þessari mynd er farið í þá verkþætti sem við eiga hverju sinni. Einnig er hægt að flakka á milli verkþátta án þess að koma út á valmynd á milli. Hjálpartexti er með hverjum verkþætti – **F1**.

Greiðsluþegar


Greiðsluþegar stofnast við afgreiðslu lífeyrisumsókna í „Umsóknir og úrskurðir“.

Ef greiða á erlendum aðila inneign hans vegna brottflutnings af landinu, þarf að stofna greiðsluþegann beint og er það gert hér. Einnig er farið inn í þennan verklið til að skoða og eða breyta grunnupplýsingum um greiðsluþegann ef þörf er á.

Þegar lífeyrisþegi er stofnaður í kerfinu þá eru í fyrsta lagi skráðar grunnupplýsingar (greiðsluþega) með númeri bankareiknings Skráning greiðsluhreyfinga á eingöngu við um eingreiðslur og leiðréttingar, svo sem fyrirframgreiðslur.

Farið er í skráningu greiðsluþega úr valmynd lífeyrisgreiðslukerfisins. Þá birtist valforsendna mynd fyrir flettilista greiðsluþega:

Sett er inn kennitala, ef um er að ræða breytingu á einstökum lífeyrisþega eða nýskráningu og staðfest með stóra “Enter”, til að fá flettilista yfir valinn aðila. Ef um er að ræða nýskráningu, er listinn eðlilega tómur vegna þess að greiðsluþeginn er enn óskráður, en þá er ýtt á “Insert” til að stofna hann.



Ef um er að ræða breytingu þá kemur hann einn fram á listanum, og ýtt er á “Enter” til þess að skoða hann eða breyta.

Hér er reikningsnúmer greiðsluþegans sett inn og kemur hann sjálfvirkir sem reikningseigandi. Ef reikningseigandi er annar, er kennitala þess aðila sett inn. Bankaupplýsingarnar fara í athugun frá Jóakim til Landsbankans og ef eitthvað stemmir ekki, kemur athugasemd þar um.

Hægt er að skrá inn erlenda bankareikning til upplýsinga og utanumhalds, en greiðslukerfið leggur ekki sjálfvirkir inn á erlenda reikninga.

Ef lífeyrisþegi er búsettur erlendis, er heimilisfangið sem tilkynningar eiga að berast á sett inn – 3 línur.

Ef lífeyrisþegi er á örorkubótum og árafjöldi til útreiknings á tekjuviðmiðun á að vera annar en stýring greiðslustofunnar segir til um, er sá árafjöldi settur inn í flípanum *Tekjustýringar*.

Flippinn *Stillingar* - **Afþakka tilk. á pappír** (rafrænt), hakað við ef pappír er afþakkaður.

Lífeyrisstýringar

Hægt er að fara í sjálfvirkar stýringar lífeyris beint úr aðalvalmynd greiðslukerfisins, en eðlilegast er að fara úr öðrum aðgerðum í flettilista greiðsluþega. **Úrskurðarvinnslan stofnar í flestum tilfellum þær stýringar sem unnið er með.**

Ef um nýjan lífeyrisþega er að ræða, er komið inn í tóman lista. Ýtt er á 'Insert' til að skrá nýja stýringu, hægri 'Enter' til að skoða eða breyta stýringu sem fyrir er. Þríhyrningur fyrir framan stýringu merkir að hún er virk.

V	Greiðsluþegi	Teg	Sjóðfél.	Líf.vegna	Skrútt	Gr.%	Mat.%	Rétt.%	Grífrá	Stoðvun	St.aths	Úrskn.
	0108665459	BV	0108665459	2303912629	24,237	100,00	100,00		1997-03	2000-03	16 ÁRA	Frum
	0811569999	Ö001	0811569999	0811569999	124,384	100,00	100,00		2004-01	2008-12	AEENDURM	Frum
	1303492349	Ö001	1303492349	1303492349	200,000	75,00	75,00		2010-01	2016-03	ALDUR	Frum
	1702865289	Ö001	1702865289	1702865289	52,354	70,00	70,00		2009-01	2012-12	AEENDURM	Frum

Settur er inn réttindasjóður og lífeyristegund. Hvort sjóðfélagi og lífeyrisþegi eru sjálfkrafa sami aðili og greiðsluþegi, fer eftir stýringu í greiðslutegundinni. Ef um maka- eða barnalífeyri er að ræða, er kennitala sjóðfélagsins, sem réttindin byggjast á, sett inn.

Leyfa: leyfa annað en stjórnupplýsingar kveða á um, t.d. skiptingu ellilífeyris milli maka, en þá væri sjóðfélagi annar en greiðslu- og lífeyrisþegi. **V** = já, **autt** = nei.

Greitt frá, ár og mánuður sem greiða á lífeyri fyrir (frá og með) er settur inn.

Réttindamán, ár og mánuður, sem réttindi á lífeyri hófst, er settur inn.

Stöðvun, árið og mánuðurinn sem lífeyririnn stöðvast við. Ef um lífeyri vegna örorku er að ræða, kemur sjálfkrafa það ár og mánuður sem viðkomandi kemst á ellilífeyris-aldur samkvæmt stýringum sjóðsins. Ef um tímabundna örorku er að ræða, er það ár og mánuður sem skila þarf inn endurmati fyrir, sett inn.


Stöðvunar athugasemd, viðeigandi athugasemd sótt (**F7** og / (eða stóra Enter)) inn í svæðið.

Grunnréttindi, þau réttindi sem lífeyrir byggist á eru sett inn. (Stig eða réttindaupphæð fram að þeim aldri sem tilgreindur er sem viðmiðunaraldur hjá viðkomandi sjóði).

Aukaréttindi, ef um ellilífeyri er að ræða og sjóðfélagi hefur áunnið sér viðbótar-réttindi eftir að taka lífeyris hófst, eru þau sett inn hér.

Greiðsluhlutfall, fyrri reiturinn er fyrir það hlutfall sem greiðslur vegna lífeyrisréttinda greiðslupegans reiknast af. Seinni reiturinn er fyrir matshlutfall og er einungis fylltur út, ef greiðsluhlutfall er lægra en örorkuúrskurður lækni segir til um.

Í öðrum aðgerðum út úr lífeyrisstýringum er hægt að prenta út úrskurðarblað, skrá inn uppgjörsstýringar greiðsluþega (ef um greiðsluskyldu launagreiðanda er að ræða), skoða tekjur greiðsluþega, skoða sjúkdómagreiningar greiðsluþegans (hafi þær verið skráðar inn), ferla og lífeyri utan kerfis.



Séreignarstýringar

Séreignarstýringar eru mun einfaldari en hefðbundnar lífeyrisstýringar.

Sjóður	Teg	Teg.heiti	Ft. Grífa	Stöðvun	Föst upphæð	S	A
X998	SOL4	Örorkulífeyrir séreign	2004-01	2010-12	1.000		
X998	SOLS	Örorkulífeyrir séreign	2004-01	2023-03	1.000		

Sjóður: Sjóðurinn sem lífeyrisþeginn fær greiðslur úr.

Séreignartegund: Viðkomandi tegund sótt (**F7** og /) inn í svæðið.

Fleiri tegundir: hakað við ef við á.

Greitt frá: Mánuður sem séreign á að greiðast frá og með.

Stöðvun: Mánuður sem á að greiða til og með. Ef þetta er haft autt þá verður að tilgreina fasta upphæð.

Stöðv.athsmnd: Skýring á stöðvun, viðeigandi athugasemd sótt (**F7** og /) inn í svæðið.

Föst upphæð: Ef greiða á fasta upphæð þá er upphæðin sett hér. Ef bæði stöðvunarmánuður og föst upphæð eru skilgreind, þá greiðist fasta upphæðin til síðasta mánaðar en þá eru eftirstöðvar greiddar út og séreignin sett á núll.

Í flípanum 'Athugasemdir' er boðið upp á að setja inn viðbótarupplýsingar varðandi greiðsluþegann.

Persónuafsláttur Greiðsluþega

Persónuafsláttur er notaður í greiðsluvinnslunni til lækkunar á staðgreiðsluskatti.

Þessi mynd er notuð til að skoða einstakt skattkort, stofna nýtt kort og breyta korti.

Skýringar á einstökum svæðum:

Greiðsluþegi: Kennitala og nafn greiðsluþega.

Notið [F7] til að fá upp lista yfir greiðsluþega.

Hlutf.pers.afsl: Hlutfall persónuafslátt lífeyrisþegans.

Gildistímabil: Mánaðatímabil sem skattkortið/persónuafslátturinn gildir fyrir.

Tímabil frá verður að fylla út en tímabil til má vera autt sem táknar ótakmarkað.

Ef greiðsluþegi skilar inn makakorti, er það skráð sér.

Vegna maka: Hakað við ef skráningin er fyrir persónuafslátt makans.

Maki: Kennitala makans skv. þjóðskrá byrtist ef hakað er við Vegna maka.

Viðb.pers.afsl: Uppsafnað persónuafslátt. Upphæðin gildir eingöngu á því ári sem skattkortið gildir frá.

Umsjónarstofa: Sú stofnun sem hefur umsjón með skráningu og utanumhaldi skattkorta hjá greiðslustofu.

Ef greiðsluþegi vill breyta persónuafslætti, þá er fyrri skráningu lokað með því að setja inn ár og mánuð sem fyrri skráning gildi til og með. Ný skráning, með upplýsingum um hlutfall persónuafsláttar, ár og mánuð sem skattkort gildir frá og með, er skráð inn.

Skattþrep greiðsluþega

Greiðsluþegi getur verið með fleiri en eina skráningu á skattþrepi:

Kennitala	Nafn	G. frá	G. til	Tekjur	þrep	Skráð af	Skiptími
2203560009	Lilja Harðar	2019-04	2019-05	100000		Lilja Harðar	09.04.2019 11:27:48
2203560009	Lilja Harðar	2020-05					

skráningu skattþrepa með 'Insert'.

Sett er inn ártal og mánuður sem skattþrepið/áætlaðar tekjur gildir frá og með.

Settar eru inn áætlaðar tekjur eða skattþrep skv. upplýsingum/beiðni frá greiðsluþega.

Komið er inn í lista yfir skattþrep greiðsluþega. Listinn er tómur hafi ekkert verið skráð inn. Farið er í

Undanþágur staðgreiðslu

Ef greiðsluþegi er með samþykktu umsókn frá RSK um undanþágu frá greiðslu tekjuskatts og útsvars vegna tvísköttunarsamnings, er tekjuárið sem undanþágan gildir fyrir skráð á greiðsluþegann hér.

Greiðsluhreyfingar

Greiðslukerfi Jóakim má líkja við viðskiptakerfi og lífeyrisþegar eru viðskiptamenn. Hreyfingar eru debet og kredit og ef allt er eðlilegt þá er staða lífeyrisþegans núll. Hreyfingar lífeyrisgreiðslna geta verið þrenns konar:

- **Lífeyrishreyfing** samtryggingar (auðkennd með **L**) og/eða séreignar (auðkennd með **X**) tákna skuld sjóðsins til lífeyrisþegans, þ.e.a.s. lífeyrisþeginn á inni hjá sjóðnum. Þessar upphæðir eru í plús. Þessar hreyfingar myndast venjulega í sjálfvirkum lífeyris útreikningum, en einnig er hægt að skrá handvirkt færslur t.d. vegna eingreiðslna.
- **Skattahreyfing** (auðkennd með **S**) tákna skuld lífeyrisþega vegna staðgreiðslu sem er mínus upphæð. Skattahreyfingar myndast sjálfvirk mánadarlega í lífeyrisvinnslunni.
- **Útborgunarhreyfing** (auðkennd með **U**) er greiðsla til lífeyrisþega sem er mínus upphæð. Þessar hreyfingar geta verið skráðar hjá sjóðum t.d. vegna fyrirframgreiðslna en lífeyrisvinnslan býr til útborgunarhreyfingar til lífeyrisþega sem eiga inni.

Þegar lífeyrishreyfing myndast eru dregnir af skattar og restin er borguð út þannig að lífeyrisþeginn endar á núlli.

Eðlilegast er að skoða greiðslu-hreyfingar ákveðins lífeyrisþega úr öðrum aðgerðum í flettilista greiðsluþegans:

Hér er hægt að skoða færslur nánar með “Enter”.

Sjóður	Gerð	Tegund	Sjóðfélagi/Lífeyrisþegi	Upphæð	Mánuður	Vinnsla	Hópur	Uppr.	Bakf.
N003	U		(til gr. 01.02.2006)	-95969	2006-02	2006-01	EFT		
N003	S			-35688	2006-01	2006-01	EFT		
X998	X	SÖL4		28378	2006-01	2006-01	EFT		
X998	X	SÖL5		1082	2006-01	2006-01	EFT		
L001	L	O001	2203560009 2203560009	122197	2006-01	2006-01	EFT		
N003	U		(til gr. 02.01.2006)	-108911	2006-01	2006-01	FYR		
Samt...				50000					

Ef lífeyrissjóðurinn sér um skráningu sinna lífeyrisþega, er hægt að skrá inn nýjar færslur handvirkt (t.d. fyrirframgreiðslur og eingreiðslur) með “Insert” og fella niður færslur, sem hafa verið skráðar handvirkt, með “Delete”. Í öðrum aðgerðum er hægt að bakfæra eldri lífeyrishreyfingar. Færslan sem bakfæra á, er valin með **F6**, farið í “Aðrar aðgerðir” með

F5, í liðinn “Bakfærslur” og er þá boðið upp á að bakfæra merktar/lýstar færslur, sjá mynd.

Sjóður	Gerð	Tegund	Sjóðfélagi/Lífeyrisþegi	Upphæð	Mánuður	Vinnsla	Hópur	Uppr.	Bakf.
N003	U		(til gr. 01.02.2006)	-95969	2006-02	2006-01	EFT		
N003	S			-35688	2006-01	2006-01	EFT		
X998	X	SÖL4		28378	2006-01	2006-01	EFT		
X998	X	SÖL5		1082	2006-01	2006-01	EFT		
L001	L	O001	2203560009 2203560009	122197	2006-01	2006-01	EFT		
N003	U		(til gr. 02.01.2006)	-108911	2006-01	2006-01	FYR		
Samt...				50000					

Færslur: 191

Ef það er staðfest, kemur ný mynd sem segir hve margar hreyfingar verða bakfærðar. Einungis er hægt að bakfæra frágengnar lífeyris- og/eða séreignarhreyfingar.

Framkvæma bakfærslur - L001 (TEST...)

Yfirlit

Fjöldi valinna hreyfinga:

Hreyfingar sem verða bakfærðar:

Hreyfingar sem bakfærast ekki:

☒ Framkvæma bakfærslur ☐ Hætta við

OVR

Bakfærslur - L001 (TEST & JOAKTEST)

Meðhöndla: ☒ Lýstum færslum ☐ Ólýstum færslum

☐ Eingöngu ef launataxtar hafa breyst

Athugasemd

Eingöngu er hægt að bakfæra lífeyris-, séreignar-, sjúkrabóta-, styrkta- og frádráttarhreyfingar. Hreyfingar verða að tilheyra frágenginni vinnslu, mega ekki vera þegar bakfærðar né vera sjálfar bakfærslur. Greiðslur geta svo endurreiknast fyrir bakfærð tímabil samkvæmt gildandi stjórnun.


☒ Í lagi ☐ Hætta við

OVR

Ef lífeyris/séreignarhreyfing hefur verið bakfærð fyrir mistök er hægt að eyða út bakfærslunni (vera yfir bakfærslunni og ýta á Delete) meðan ekki er búið að ganga frá greiðsluvinnslu. Bakfærslan hverfur og upprunafærslan er óhreyfð - þ.e. ekki merkt bakfærð.

Tekjur

Markmið tekjuathugunar er að koma í veg fyrir að samanlagðar tekjur örorkulífeyrisþega og greiddur lífeyrir eftir orkutap verði hærri en tekjur voru fyrir orkutap. Það er gert með því að reikna út lífeyrisþak fyrir hvern og einn greiðsluþega og bera þakið saman við útreiknaðan lífeyrir í greiðsluvinnslunni. Ef útreiknaður lífeyrisréttur er hærri en lífeyrisþak viðkomandi, þá er greiðlan lækkuð niður að þaki. Þegar greiðsla örorkulífeyris er frá fleiri en einum sjóði, þá þarf að skipta lífeyrisþaki milli sjóða. Í fyrstu útgáfu tekjuathugunarkerfis var lífeyrisþaki skipt milli sjóða í samræmi við síðustu greiðslu frá viðkomandi. 2011 var ný aðferð tekin upp við skiptingu lífeyrisþaks og hlutdeild reiknuð út frá virkum lífeyrisstýringum. 2017 var svo boðið upp á að skrá *Lífeyrir utan kerfis* og hann tekin með til að reikna skiptingu lífeyrisþaksins.



Tekjustýringar greiðsluþega

Ef skrá þarf annan árafjölda á einstakling en gildir fyrir sjóðinn í heild, þá þarf að skilgreina það í Tekjustýringar greiðsluþega. Þar er sleginn árafjöldi inn í reitinn Fj.ár með tekj.

Einnig er hægt að skrá inn ár sem á að hunsa (sleppa).

Framtalstekjur

Hér sjást þær framtalstekjur hjá greiðsluþeganum sem hafa verið skráðar inn, eða komið í innlestri framtalstekna. Ef skoða á nánar, er færslan opnuð með litla enter eða tab takkanum. Hafi tekjur verið handskráðar áður en innlesin gögn bárust, er hægt að merkja viðkomandi færslu hvort handskráð eða innlesin gögn eigi að vera ráðandi.

Framtalstekjur sem þurfa að vera til staðar við útreikning viðmiðunartekna í uppfærslu lífeyrisþaks, eru skráðar inn hér svo hægt sé að reikna þakið við örorkuúrskurð.

Staðgreiðslutekjur

Hér sjást staðgreiðslutekjur greiðsluþega sundurliðaðar niður á mánuði og launagreiðanda. Hægt er að skoða færslur nánar með litla enter eða tab takkanum.

Lífeyrir utan kerfis

Hér eru skráðar upplýsingar um úrskurðaðan lífeyri umsækjanda hjá sjóðum utan Jóakim, ef við á.

Ef vitað er að umsækjandinn á einungis réttindi í sjóðum innan Jóakim, er stofnuð færsla og hakað við *Enginn lífeyrir utan kerfis*, til að vinnslan *Uppfærsla lífeyrisþaka* hafi réttar forsendur.

Lífeyrisþök

Hér sjást þau lífeyrisþök sem skráð hafa verið á greiðsluþegann, eða reiknast við uppfærslu lífeyrisþaka.

Lífeyrisþaki er ætlað að koma í veg fyrir að samanlagðar tekjur og greiddur lífeyrir eftir orkutap verði hærri en tekjur voru fyrir orkutap. Lífeyrisþökin eiga því að endurspegla hámarks lífeyrisgreiðslu til hvers og eins og eru notuð í greiðsluvinnslu til þess að bera saman reiknaðan lífeyri við þakið. Ef reiknaður lífeyrir er hærri en lífeyrisþakið, þá er lífeyrisgreiðslan lækkuð til samræmis við lífeyrisþakið.

Ef lífeyrisþegi telst búa erlendis en engar erlendar tekjur hafa verið skráðar á viðkomandi, þá er lífeyrisþak sett á kr. 0. Ef búið var að handskrá lífeyrisþak með sama gildistíma og keyrslan er sett á, þá er nýtt vélrænt lífeyrisþak ekki skráð. Ef engar viðmiðunartekjur reiknast vegna þess að engin framtöl hafa verið skráð, þá verður þakið kr. 0.

Tekjur utan RSK

Hér sjást tekjur sem hafa verið skráðar beint á greiðsluþega, vegna tekna erlendis frá.

Innlestur framtalstekna

Keyrslan Innlestur framtalstekna sendir beiðnir á vefþjónustu hjá RSK sem skilar launatekjum samkvæmt framtali til baka. Hægt er að senda beiðni fyrir eina kennitölu eða fleiri. Kennitölur eru sóttar í virkar lífeyrisstýringar örorkulífeyrisþega. Fyrir hverja kennitölu eru tekjur samkvæmt framtali sóttar fyrir hvert ár innan þess tímabils sem tiltekið er í valforsendum. Venjulega er miðað við 5 ár aftur í tíma. Sjá nánari umfjöllun í hjálpinni.

Innlestur staðgreiðslutekna

Keyrslan Innlestur staðgreiðslutekna sendir beiðnir á vefþjónustu hjá RSK og fær staðgreiðslutekjur örorkulífeyrisþega til baka. Frádráttarliðir TR eru laun eða annað frá Tryggingastofnun sem ekki eiga að lækka lífeyrisþak í tekjuathugun.

Þeir koma því til frádráttar TR staðgreiðslutekjum.

Vinnslan sér einnig um að mynda frádráttarfærslur í samræmi við uppsetta töflu í Jóakim sem endurspeglar þær prósentuhækkningar sem orðið hafa á örorkulífeyrir hjá

Tryggingastofnun frá árinu 2011 þegar samkomulag um víxlverkanir var gert. Það samkomulag felur í sér að greiðslur lífeyrisjóðs lækki ekki þegar almennar launahækkningar eiga sér stað hjá Tryggingarstofnun.

Sjá nánari umfjöllun í hjálpinni.

Uppfærsla lífeyrisþaka

Uppfærsla lífeyrisþaka reiknar heildarlífeyrisþak einstaklings.

Lífeyrisþaki er ætlað að koma í veg fyrir að samanlagðar tekjur og greiddur lífeyrir eftir orkutap verði hærri en tekjur voru fyrir orkutap. Lífeyrisþökin eiga því að endurspegla hámarks lífeyrisgreiðslu til hvers og eins og eru notuð í greiðsluvinnslu til þess að bera saman reiknaðan lífeyri við þakið. Ef reiknaður lífeyrir er hærri en lífeyrisþakið, þá er lífeyrisgreiðslan lækkuð til samræmis við lífeyrisþakið.

Sjá nánari umfjöllun í hjálpinni.

Tilkynningar um tekjubreytingar

Hér eru *Tilkynningar um tekjubreytingar* keyrðar í beinu framhaldi af Uppfærslu lífeyrisþaka. Keyrslan býður upp á tvennt. Annars vegar tilkynningu um tekjubreytingu til greiðsluþega og hins vegar lista yfir tekjubreytingar fyrir hvern sjóð til að yfirfara áður en tilkynning er send til greiðsluþega.

Sjá nánari umfjöllun í hjálpinni.

Útreikningur á lífeyrisþaki

Hér er hægt að reikna út lífeyrisþak greiðsluþega. Vinnslan skilar skýrslu um útreikning á lífeyrisþaki, viðmiðunartekjum, sundurliðun staðgreiðslutekna, tekjur utan RSK og Lífeyrisstýringum örorku.

Lífeyrisþök samantekt

Keyrslurnar undir Lífeyriþök samantekt eru ýmsar eftirlitskýrslur sem unnar eru í tengslum við tekjuathugun. Þessar útfærslur er boðið upp á:

- Greiðsluþegar sem eru með 0% hlutdeild í þakforsendum en heildarþak hærra en 0
- Greiðsluþegar sem eru með stöðvun hjá einum sjóð en virka stýringu hjá öðrum
- Virkir greiðsluþegar með engin þök, hvorki handskráð né ný rafræn
- Nýir greiðsluþegar með fyrsta rafræna þakið og breytingar á lífeyrisgreiðslum
- Búseta erlendis, engar skráðar erl.tekjur og nýlegar breytingar í þjóðskrá
- Ekkjur og ekkjar með örorkulífeyri í Jóakim

Framtalsathugun

Skýrslan býður upp á tvær útfærslur:

- Samanburður framtalstekna og staðgreiðslutekna á athugunarári.
- Listi einstaklinga með ekkert framtal á athugunarári.

Boðið er uppá að mynda merkingar um leið og listinn er tekinn út. Þá er hægt að skrifa út límmiða á viðkomandi hóp eftir merkingunni, einnig má afmarka lista tekjubreytingabréfa eftir merkingu.


Uppgjörstekjuþök

Umfjöllun um eftirtalda verkliði, sem unnir eru eingöngu af greiðslustofu, er í hjálpinni undir **Uppgjörspök**. Þessir verkliðir eru fyrir Afturvirka tekjuathugun:.

Uppgjörspök, Uppfærsla uppgjörspaka og Leiðréttingar v/uppgjörspaka.

Umsóknir og úrskurðir

Úrskurðarkerfið tengir saman Réttindakerfi Jóakims og Lífeyrisgreiðslukerfið. Þar eru stofnaðar allar tegundir umsókna um lífeyri og kerfið úrskurðar réttindi eftir því sem við á hjá hverjum og einum. Kerfið heldur utan um frumúrskurð og endurúrskurði ellilífeyris ásamt umsóknum um hálfan lífeyri. Þar eru enn fremur unnir úrskurðir vegna örorku, maka- og barnalífeyris..



Umsóknir í vinnslu

Komið er inn í lista yfir umsóknir sem eru í vinnslu.

FI	Númer	Umsækjandi	Nafn umsækjanda	Teg	G	Dags.mótt	Ást	Staða	Dags.st
ÖR	2	0811569999	Obelix	UMÖR	Ö	30.06.2022		í vinnslu	02.07.2022
EL	1	2203560009	Lilja Harðar	E	E	01.07.2022		í vinnslu	02.07.2022

Listinn sýnir m.a. tegund umsókna og stöðu. Hægt er að fara inn í umsóknirnar úr listanum og vinna áfram með þær.

Það er ágætt að fara reglulega inn í þennan lista til að fylgjast með stöðu umsókna í vinnslu.

Umsóknir

Komið er inn í valforsendna mynd. Ef skoða á eða stofna umsókn ákveðins umsóknaraðila, er kennitala hans sett inn, staðfest.

Ef umsókn hefur þegar verið skráð, er hún skoðuð nánar með “Enter”.

Einnig er hægt að skoða umsóknir á ákveðnu númerabili, ákveðna lífeyristegund, umsóknir með ákveðna stöðu o.sv.frv.

Nýjar umsóknir

Til að skrá nýja umsókn er ýtt á “Insert”.

Settur er inn umsóknarflokkur sem nota á, kennitala umsækjanda, tegund umsóknar og aðrar þær upplýsingar sem fylgja umsókninni, staðfest. Sjá skýringar á svæðum í hjálpinni (F1 eða ? í stiku).

FI	Númer	Teg	G	Dags.mótt	Ást	Staða	Dags.st	Hálfur
EL	1	E	E	01.07.2022		í vinnslu	02.07.2022	

Umsækjandi: 2203560009 Lilja Harðar

Feerskur: 1

OVR

Öðrum aðgerðum (F5) eða með hnöppunum sem eru undir listanum.

Við staðfestingu er komið út í listann, þar sem unnið er áfram með umsóknina – annað hvort í

Frágangur umsóknar

Frágangur umsóknar vinnur með úrskurðuð réttindi út frá umsókn. Breytir stöðu umsóknar í frágengna, stofnar greiðsluþega (sé hann ekki fyrir hendi) og lífeyrisstýringar í samræmi við umsóknartegund og niðurstöður úrskurðarvinnslu.

- Stöðu umsóknar er breytt í samþykktarstöðu. Sjálfgefin samþykktarstaða er sótt í umsóknarstofu.
- Kannað er hvort greiðsluþegi sé til staðar, ef ekki þá er greiðsluþegi stofnaður og bankareikningur settur í samkvæmt skráningu á umsókn. Stundum er um fleirir en einn greiðsluþega að ræða, börn sem skráð eru á örorkuumsóknir og makalífeyrisumsóknir.
- Lífeyrisstýringar eru stofnaðar í samræmi við úrskurðuð réttindi og fleiri en ein stýring er stofnuð ef réttindi í mismunandi iðgjaldasjóðsdeildum veita mismunandi lífeyrisrétt. Í iðgjaldasjóðsdeild er tilgreint hvers konar lífeyrisrétt deildin veitir. Ennfremur eru barnalífeyrisstýringar stofnaðar ef börn eru skráð á umsókn.

Verkliðir í öðrum aðgerðum í umsóknum:


Iðgjaldagrunnur

Hér er hægt að skoða iðgjöld í iðgjaldagrunni umsóknar eftir framleiðslu iðgjaldagrunns. Þessi verkliður er t.d. notaður til leiðréttingar fyrir "dummy" úrskurð, þegar frumúrskurður hefur ekki verið til og verið er að endurúrskurða. Þá getur þurft að stilla af iðgjaldamánuði til að dummy úrskurður skili sömu niðurstöðu og handskráð stýring frumúrskurðar. Iðgjöld samskiptasjóða sem eru utan Jóakim, þarf að handskrá í iðgjaldagrunninn vegna örorkuumsókna. Einnig getur verið nauðsynlegt, vegna reglunnar um stopular greiðslur, að handskrá iðgjöld sjóða sem ekki teljast vera samskiptasjóðir. Þegar iðgjaldaár er handskráð er gefin upp sjóðsdeild og ár sem á að skrá. Hægt er að slá inn eina upphæð fyrir árið í heild og sér forritið um að deila upphæðinni niður á mánuði. Ef iðgjöld til sjóðs sem er utan samkomulags um samskipti eru ekki skráð inn í iðgjaldagrunninn, er hætt á því að slíkt ár teljist sem stopult ár, þótt svo hafi ekki verið raunin.

Fráviksár í framreikningi

Ef umsóknin er vegna örorku- eða makalífeyris, sést þessi verkliður.

Hér er hægt að skilgreina ár sem annað hvort á að sleppa eða neyða til notkunar í framreikningi.



Framleiðsla iðgjaldagrunns

Framleiðsla iðgjaldagrunns skilar iðgjaldagrunni með iðgjaldaupphæðum niður á deildir og mánuði, sem úrskurðarvinnslan getur síðan reiknað réttindi útfrá.

Vinnslan sækir gögn í iðgjaldasögu iðgjaldakerfis og les réttindabreytingatöflur til að endurreikna réttindabreytingar ef við á.

Ef um er að ræða örorku- eða makalífeyri þá eru framreiknuð iðgjöld mynduð í samræmi við þær forsendur sem skráðar eru í umsóknartegund. Kannaður er réttur

á framreikningi útfrá greiddum iðgjöldum, stytting framreikningstíma vegna stopulla greiðsla og reiknuð skerðing í framreikningi vegna árafjöldareglu. Þá er reiknuð skipting framreiknings milli sjóða og skiptihlutfallið geymt.

Ennfremur er úrskurðarsjóður ákvarðaður og geymdur í töflu með umsókninni.

Við framreikning eru iðgjöld tiltekins árafjölda fyrir úrskurð notuð til að reikna hlutdeild sjóðs og framreikningsupphæð. Þá er fjöldi viðmiðunarára sóttur í umsóknartegund.

Með því að skrá frávíksár við einstakar umsóknir er hægt að stýra því hvaða ár eru notuð til viðmiðunar þegar hlutdeild sjóðs og framreikningsupphæð er reiknuð í framleiðslu iðgjaldagrunns. Þannig má bæta við árum eða sleppa árum sem annars hefðu verið notuð samkvæmt uppsetningu umsóknartegundar. Vegna framreiknings getur þurft að handskrú inn utankerfis iðgjöld, sem geta haft áhrif á framreikningsupphæð, hlutdeild sjóð og skerðingar. Handskrúð iðgjöld þarf að skrá inn í iðgjaldagrunn áður en framleiðsla iðgjaldagrunns er keyrð.

Ef um er að ræða endurúrskurð ellilífeyris, þá eru iðgjöld í iðgjaldagrunni frumumsóknar (notuð iðgjöld) dregin frá iðgjaldagrunni endurúrskurðar í framleiðslu iðgjaldagrunns.

Ef réttindum hefur verið skipt milli maka í iðgjaldakerfi, koma réttindi sem fóru til makans í mínus.

Sjóðsdeild	Ár	Tímab	Samt.iðgj	Skerðingar	Upph.rétt	Framrkn	Uppr	Frávíksár	Samsk	Ö
L999MA	2006	01-02	90000,00	0,00	90000,00					
L999MA	2006	01-02	-30000,00	0,00	-30000,00					
L999	2006	01-02	60000,00	0,00	60000,00					

Úrskurðarvinnsla

Þegar framleiðsla iðgjaldagrunns er lokið, og ef við á, handskráningu iðgjaldaára, þá þarf að framkvæma sjálfa úrskurðarvinnsluna.

Venjulega er engu breytt frá því sem kemur sjálfgefið upp í valforsendamynd.

Úrskurðarvinnslan er framkvæmd út frá umsókn um lífeyri og reiknar réttindi

samkvæmt færslum í iðgjaldagrunni. Ef sjóður

er með blandaða ávinnslu þá kallar vinnslan einnig á uppfærslu nýtingar

viðmiðunariðgjalds og skiptir viðmiðunariðgjaldi með hliðsjón af upplýsingum úr

samskiptagrunni. Ásamt úrskurðuðum réttindum, þá skilar vinnslan úrskurðuðu

viðmiðunariðgjaldi og úrskurðaðri nýtingu viðmiðunariðgjalds skipt niður á mánuði.

Ef um er að ræða umsóknartegund sem merkt er við að skerða eigi réttindi samkvæmt 30 ára reglunni (í gildi hjá Birtu lífeyrissjóði), þá er réttindaárum raðað í upphæðaröð og aðeins 30 fyrstu árin gefa þá full réttindi. Vegna framreiknaðra réttinda í örorku- og makalífeyris úrskurðum, þá athugar vinnslan hvort réttur til jafnrar ávinnslu í framreikningi sé til staðar. Skilyrði fyrir rétti til jafnrar ávinnslu eru tiltekin í umsóknartegund. Þá er einnig athugað hvort sjóður sé í "9" sjóða samkomulaginu og að iðgjöldin uppfylli skilyrði um sjálfstæðan rétt til framreiknings.

Úrskurðarblað

Úrskurðarblað sýnir niðurstöðu úrskurðar og forsendur útreikninga í 16 liðum, ef hakað er við alla liði í sundurliðun. Þeir þættir sem eiga við um umsóknartegund (E, Ö, M) koma fram. Liðir geta færst til eftir tegund umsókna og sjóðum. Við elli- og makalífeyri er ekki þörf á sundurliðunum og því óþarfi að haka við þær.

- Liður 1 sýnir megin forsendur úrskurðarins.
- Liður 2 sýnir úrskurðuð réttindi per mánuð ásamt greiðslutegund vegna deilda.
- Liður 3 sýnir lífeyrisstýringar, sjóði sjóðfélaga, viðmiðunariðgjald og við örorku umsóknir í Jóakim.
- Liður 4 sýnir sundurliðun réttindaútreiknings og útreikning viðmiðunartekna í tekjuathugun.
- Liður 5 sýnir sundurliðun réttindaútreiknings og við örorku iðgjöld árána sem notuð eru til að reikna hlutdeild sjóða í framreikningi og hvernig þau skiptast á milli sjóða. Fjöldi ára sem notaður er frá orkutapsári er settur upp í umsóknartegundinni.
- Liður 6 sýnir greidd iðgjöld á ári, við örorku framreikningsiðgjald á ári.
- Liður 7 sýnir viðmiðunarár framreiknings iðgjalds: 4 ár fyrir orkutapsár, tekið er tillit til frávíksára ef þau eru skráð. Einnig 30 bestu árin hjá Birtu lífeyrissjóði við makalífeyri.
- Liður 8 sýnir skerðingu framreiknings vegna stopulla ára.
- Liður 9 sýnir vísitölur.
- Liður 10 sýnir skilyrði til framreikningsréttar. Þar eru iðgjöld sl. 4 ára sýnd, bæði heildariðgjöld til samskiptasjóða, en einnig iðgjöld til sjóðanna sem tilheyrir "9" sjóða samkomulaginu.
- Liður 11 sýnir rétt til framreiknings – sundurliðun ára.
- Liður 12 sýnir talningu á stopul ár.
- Liður 13 sýnir sundurliðun úrskurðaðra réttinda per ár – *áunnin réttindi*.
- Liður 14 sýnir sundurliðun réttindaútreiknings per ár- *framreiknuð réttindi*.
- Liður 15 sýnir greidd iðgjöld í iðgjaldagrunni.
- Liður 16 sýnir 30 bestu árin í upphæðaröð. Skerðing 30 ára reglunnar er aðeins notuð af Birtu lífeyrissjóði og því kemur þessi liður aðeins fram hjá honum.

Tekjuathugun

Ef umsóknin er vegna örorku- eða makalífeyris, sést þessi yfirverkliður.

Markmið tekjuathugunar er að koma í veg fyrir að samanlagðar tekjur örorkulífeyrisþega og greiddur lífeyrir eftir orkutap verði hærri en tekjur voru fyrir orkutap. Það er gert með því að reikna út lífeyrisþak fyrir hvern og einn greiðsluþega og bera þakið saman við útreiknaðan lífeyrir í greiðsluvinnslunni.

Ef útreiknaður lífeyrisréttur er hærri en lífeyrisþak viðkomandi, þá er greiðlan lækkuð niður að þaki. Þegar greiðsla örorkulífeyris er frá fleiri en einum sjóði, þá þarf að skipta lífeyrisþaki milli sjóða. *Lífeyrir utan kerfis* er skráður inn (ef örorkuþegi er með greiðslur frá sjóðum utan Jóakim) og hann tekin með til að reikna skiptingu lífeyrisþaksins.

Framtalstekjur greiðsluþega

Hér sjást þær framtalstekjur hjá greiðsluþeganum sem hafa verið skráðar inn, eða komið í innlestri framtalstekna. Ef skoða á nánar, er færslan opnuð með litla enfer eða tab takkanum. Hafi tekjur verið handskráðar áður en innlesin gögn bárust, er hægt að merkja viðkomandi færslu hvort handskráð eða innlesin gögn eigi að vera ráðandi.

Framtalstekjur sem þurfa að vera til staðar við útreikning viðmiðunartekna í uppfærslu lífeyrisþaks, eru skráðar inn hér svo hægt sé að reikna þakið við örorkuúrskurð.

Staðgreiðslutekjur greiðsluþega

Hér sjást staðgreiðslutekjur greiðsluþega sundurliðaðar niður á mánuði og launagreiðanda. Hægt er að skoða færslur nánar með litla entar eða tab takkanum.

Lífeyrisþök greiðsluþega

Hér sjást þau lífeyrisþök sem skráð hafa verið á greiðsluþegann, eða reiknast við uppfærslu lífeyrisþaka.

Lífeyrisþaki er ætlað að koma í veg fyrir að samanlagðar tekjur og greiddur lífeyrir eftir orkutap verði hærri en tekjur voru fyrir orkutap. Lífeyrisþökin eiga því að endurspegla hámarks lífeyrisgreiðslu til hvers og eins og eru notuð í greiðsluvinnslu til þess að bera saman reiknaðan lífeyri við þakið. Ef reiknaður lífeyrir er hærri en lífeyrisþakið, þá er lífeyrisgreiðslan lækkuð til samræmis við lífeyrisþakið.

Ef lífeyrisþegi telst búa erlendis en engar erlendar tekjur hafa verið skráðar á viðkomandi, þá er lífeyrisþak sett á kr. 0. Ef búið var að handskrá lífeyrisþak með sama gildistíma og keyrslan er sett á, þá er nýtt vélrænt lífeyrisþak ekki skráð. Ef engar viðmiðunartekjur reiknast vegna þess að engin framtöl hafa verið skráð, þá verður þakið kr. 0.

Innlestur framtalstekna

Keyrslan Innlestur framtalstekna sendir beiðnir á vefþjónustu hjá RSK sem skilar launatekjum samkvæmt framtali til baka. Hægt er að senda beiðni fyrir eina kennitölu eða fleiri. Kennitölur eru sóttar í virkar lífeyrisstýringar örorkulífeyrisþega. Fyrir hverja kennitölu eru tekjur samkvæmt framtali sóttar fyrir hvert ár innan þess tímabils sem tiltekið er í valforsendum. Venjulega er miðað við 5 ár aftur í tíma. Tekjum samkvæmt framtali er skipt upp hjá RSK og geta verið í eftirtöldum flokkum:

- 021 Launatekjur

- 024 Reiknað endurgjald
- 040 Greiðslur frá Tryggingastofnun
- 043 Lífeyrir
- 140 Séreignarlífeyrir
- 062 Tekjur af atvinnurekstri
- 096 Aðrar greiðslur
- 163 Atvinnuleysisbætur
- 197 Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð
- 222 Erlendar tekjur
- MFR Makalífeyrir til frádráttar
- SFR Séreign til frádráttar á lífeyri
- TBA TR barnalífeyrir
- TFR Tryggingastofnun til frádráttar
- TFS TR almennar hækkanir bakfærðar

Tekjur sem vefþjónustan skilar eru færðar sundurliðaðar inn í töfluna Framtalstekjur greiðsluþega. Auk þess að mynda framtalsfærslur samkvæmt RSK niður á tekjutegundir tekur keyrslan einnig saman Makalífeyrisgreiðslur í Jóakim sem viðkomandi greiðsluþegi hefur fengið. Þær mynda frádráttarfærslu í framtalstölfunni.

Þegar verið er að reikna lífeyrisþak, þá eru *Framtalstekjur* notaðar til að reikna viðmiðunartekjur þaksins, en *Staðgreiðslutekjur* eru notaðar til að reikna samtals áætlaðar tekjur sem eru til frádráttar viðmiðunartekjum.

Sjálfvirk runuvinnsla keyrir daglega *Innlestur framtalstekna* hjá Greiðslustofu á sama hátt og *Innlestur staðgreiðslutekna* er keyrð. Þar sem framtalstekjur þurfa að vera til staðar við útreikning viðmiðunartekna í uppfærslu lífeyrisþaks, þá þurfa starfsmenn sjóða að handskrá inn Framtalstekjur svo hægt sé að reikna þakið við örorkuúrskurð, séu þær ekki komnar inn í gegnum innlestur.

Tekjustýringar greiðslusjóðs segja til um hve mörg ár aftur frá orkutapi eru notuð til að reikna viðmiðunartekjurnar. Í *Tekjustýringum greiðslusjóðs* er einnig tilgreint hvaða vísitölu verðtryggingar er miðað við þegar viðmiðunartekjur eru uppreiknaðar til dags.

Innlestur staðgreiðslutekna

Keyrslan Innlestur staðgreiðslutekna sendir beiðnir á vefþjónustu hjá RSK og fær staðgreiðslutekjur örorkulífeyrisþega til baka. Frádráttarliðir TR eru laun eða annað frá Tryggingastofnun sem ekki eiga að lækka lífeyrisþak í tekjuathugun. Þeir koma því til frádráttar TR staðgreiðslutekjum. Vinnslan sér einnig um að mynda frádráttarfærslur í samræmi við uppsetta töflu í Jóakim sem endurspeglar þær prósentuhækkanir sem orðið hafa á örorkulífeyrir hjá Tryggingastofnun frá árinu 2011 þegar samkomulag um víxlverkanir var gert. Það samkomulag felur í sér að greiðslur lífeyrisjóðs lækki ekki þegar almennar launahækkanir eiga sér stað hjá Tryggingastofnun. Undir verkliðnum **Tekjustýringar greiðslustofu** er taflan **Almennar hækkanir TR** sett upp sem forritið notar til að mynda mínus færslur. Í *Tekjustýringum greiðslustofu* eru tekjutegundirnar sem eru til frádráttar skilgreindar. Með hverri **Tekjutegund** er einnig hægt að skilgreina frystingartímabil. Til þess að mínusfærslur myndist í *Innlestri staðgreiðslu*, þá þarf launamánuður að vera innan frystingartímabils.

Staðgreiðslugögnum RSK er ekki skipt niður á tekjutegundir. Kennitala launagreiðanda kemur hins vegar með gögnunum. *Sundurlidun Stadgreiðslu* skilar heildartekjum mánaðar, auk þess sem Séreignarlífeyrir er merktur. Vinnslan flokkar því gögnin með því

að nota kennitölu launagreiðanda og lesa kennitöluna saman við töfluna Tekjutegundir launagreiðanda til að skipta staðgreiðslunni niður á tekjutegundir. Sú flokkun er nauðsynleg, þar sem hluti staðgreiðslutekna (til dæmis séreignarlífeyrir og sumar greiðslur Tryggingastofnunar) eiga ekki að lækka lífeyrisþak. TR frádráttarfærslurnar sem vinnslan býr til fá sérstakar tekjutegundir sem tilgreindar eru í Tekjustýringum greiðslustofu. Þær eru eftirfarandi:

TFR Tryggingastofnun til frádráttar. Færslur sem koma frá gátt TR og sóttar eru gegnum MidlaTR

TBA TR barnalífeyrir. Færslur koma frá gátt TR og eru sóttar í gegnum MidlaTR.

TFS Mótfærslur við almennar hækkarir Tryggingastofnunar sem verða til í innlestrarforritinu.

Þegar örorkulífeyrisþegi er að fá greiddan lífeyri frá fleiri en einum sjóði þarf að skipta lífeyrisþaki hlutfallslega á milli sjóða í samræmi við úrskurðaðan lífeyri. Fyrir hlutfallsútreikningana eru réttindi samkvæmt lífeyrisstýringu notuð fyrir sjóði innan GL en taflan *Lífeyrir utan kerfis* er notuð til að skrá réttindi sjóða utan GL. Ef ekki er um að ræða neinn lífeyri utan kerfis, þá þarf að tiltaka það í töflunni *Lífeyrir utan kerfis*.

Í eldri útfærslu áður en farið var að skrá í töfluna *Lífeyrir utan kerfis* var lífeyrisþökum skipt eingöngu eftir réttindum innan GL sjóðann. Þá þurfti að áætla hluta lífeyristekna utankerfis og lækka þakið um þær tekjur. Innlestrarkeyrslan fann út þennan lífeyri með því að leggja saman örorkulífeyrir GL sjóðanna samkvæmt greiðsluhreyfingum og draga hann frá innlesnum lífeyristekjum. Eftir að farið var að skrá í *Lífeyrir utan kerfis* þá þarf þessa útfærslu ekki lengur, því þá eru allar lífeyristekjur samkvæmt staðgreiðslu undanskildar tekjum sem lækka lífeyrisþak. Það þýðir reyndar að makalífeyristekjur eru þar með og lækka því ekki lífeyrisþak. Enn á eftir að leysa hvernig hægt er að sundurgreina milli makalífeyris og örorkulífeyris í staðgreiðslugögnum.

Sjálfvirk runuvinnsla er sett upp hjá Greiðslustofu sem kallar á forritið *Innlestur staðgreiðslutekna* daglega í Jóakim.

Uppfærsla lífeyrisþaks

Uppfærsla lífeyrisþaka reiknar heildarlífeyrisþak einstaklings. Lífeyrisþaki er ætlað að koma í veg fyrir að samanlagðar tekjur og greiddur lífeyrir eftir orkutap verði hærri en tekjur voru fyrir orkutap. Lífeyrisþökin eiga því að endurspegla hámarks lífeyrisgreiðslu til hvers og eins og eru notuð í greiðsluvinnslu til þess að bera saman reiknaðan lífeyri við þakið. Ef reiknaður lífeyrir er hærri en lífeyrisþakið, þá er lífeyrisgreiðslan lækkuð til samræmis við lífeyrisþakið.

Uppfærsla lífeyrisþaka byrjar á því að reikna heildarlífeyrisþak einstaklings en síðan þarf að reikna hlutdeild hvers sjóðs í heildarþakinu ef greiðsluþeginn er að fá lífeyri frá fleiri en einum sjóði. Heildarþak eru viðmiðunartekjur að frádrögnum áætluðum tekjum.

Útreikningur viðmiðunartekna

Viðmiðunartekjur eru meðal mánaðartekjur sem reiknaðar eru út frá *Framtalstekjum*, ýmist þrjú eða fjögur ár fyrir orkutapsár. Í *Tekjustýringum greiðslusjóða* er kveðið á um árafjöldann sem viðmiðunartekjurnar miðast við, ásamt því að vísitala verðtryggingar viðmiðunartekna er tilgreind þar. Sú vísitala er ýmist launa- eða neysluverðvísitala. Það skapar ákveðin vandamál þegar verið er að skipta lífeyrisþaki milli tekjuathugunarsjóða að sjóðirnir miða ekki allir við sama árafjölda og sömu vísitölu.

Þótt almenna reglan um árafjöldu fyrir orkutap sé sótt í *Tekjustýringar greiðslusjóða*, þá er einnig möguleiki á að skrá undantekningar frá þeirri reglu fyrir einstaka greiðsluþega í töfluna *Tekjustýringar greiðsluþega*. Vinnslan les því allar þessar töflur við útreikning viðmiðunartekna.

Útreikningur áætlaðra tekna.

Áætlaðar tekjur byggja á *Staðgreiðslutekjum* og *Tekjum utan RSK* (erlendum tekjum). Það eru þó ekki allar tekjur sem lækka lífeyrisþak. Í töflunni *Tekjustýringar greiðslustofu* er tilgreint hvaða tekjutegundir það eru sem ekki eiga að reiknast inn í áætlaðar tekjur. Útreikningur áætlaðra tekna breyttist árið 2017 þegar byrjað var að nota *Lífeyri utan kerfis til* að skipta heildar lífeyrisþaki milli sjóða. Í eldri útfærslu voru lífeyristekjur hluti að áætluðum tekjum að undanskildum örorkulífeyri GL sjóða. Makalífeyrir GL sjóða var einnig undanskilinn áætluðum tekjum ef úrskurðað var fyrir *Makafrádr.dags. 01.05.2011* sem tilgreind er í *Tekjustýringum greiðslustofu*.

Eftir að byrjað var að nota *Lífeyri utan kerfis til* að skipta lífeyrisþaki milli sjóða, þá var hætt að reikna lífeyristekjur inn í Áætlaðar tekjur. Séreignargreiðslur og félagsleg aðstoð reiknast heldur ekki inn í Áætlaðar tekjur. Staðgreiðslutekjur frá RSK eru lesnar inn daglega af Greiðslustofu lífeyrissjóða. Í gögnunum frá RSK er kennitala launagreiðanda tilgreind og einnig hvað af tekjum er séreignarlífeyrir. Vinnslan *Innlestur staðgreiðslutekna greiðsluþega* flokkar staðgreiðslutekjur upp í tekjutegundir með því að lesa töfluna Tekjutegundir launagreiðanda. Þannig er vitað hvort tekjur eru almenn laun, félagsleg aðstoð, lífeyrir eða tekjur frá Tryggingastofnun. Ef um er að ræða tekjur frá Tryggingastofnun þá myndar vinnslan líka sérstakar bakfærslur sem lækka tekjur frá Tryggingastofnun í samræmi við hækkunartöflu Tryggingastofnunar sem sett er upp í töflunni *Tekjustýringar greiðslustofu*, sjá nánar Samkomulag um víxlverkanir. Vefþjónustan sem Innlestur staðgreiðslutekna kallar á er tvískipt, hún sækir einnig gögn í vefgátt Tryggingastofnunar *MidlaTR* og sækir þangað Barnalífeyrir TR ásamt frádráttarliðum TR.

TFR Tryggingastofnun til frádráttar. Mínus tekjufærslur sem koma frá gátt TR og sóttar eru gegnum *MidlaTR*

TBA TR barnalífeyrir. Færslur koma frá gátt TR og eru sóttar í gegnum *MidlaTR*. Barnalífeyrir leggst við áætlaðar tekjur.

TFS Mótfærslur við almennar hækkarir sem búnar eru til í innlestrinum. Þær eru reiknaðar út frá töflu sem geymir almennar hækkarir Tryggingastofnunar frá 2011-06

MFR Makalífeyrir til frádráttar. Þetta eru mínus færslur sem myndaðar eru í Innlestri staðgreiðslutekna og Innlestri Framtalstekna ef úrskurður var fyrir 01.05.2011. Þær eru fundnar út frá makalífeyrir í Jóakim. Og mynda mínus tekjufærslu til þess að makalífeyrir hafi ekki áhrif á tekjuþak. Það er að hann hækki ekki áætlaðar tekjur.

Tekjutímabil áætlaðra tekna

Við uppfærslu lífeyrisþaka er tekjutímabil áætlaðra tekna gefið upp á valforsendumynd keyrslunnar. Sjálfgefið tekjutímabil hjá Greiðslustofu er þá 12 mánuðir. Vegna svokallaðra "Stórgreiðslna" (uppsafnaðar greiðslur frá Tryggingastofnun eða lífeyrissjóðum) þá er hægt að skilgreina upphaf tekjutímabils fyrir einstaka greiðsluþega, þannig að vinnslan fer ekki aftur fyrir þann mánuð, þegar hún reiknar meðaltekjur. Þá er flett upp í töflunni Greiðslustýringar greiðsluþega.

Útreikningur á hlutdeild sjóðs í heildarþaki

Uppfærsla lífeyrisþaka skiptir lífeyrisþaki milli tekjuathugunarsjóða útfrá uppreiknuðum réttindum virkra lífeyrisstýringa. Lífeyrisstýringar teljast virkar, þótt þær séu stöðvaðar ef þær eru með stöðvunarathugasemd sem merkt er *Endurkomu stöðvun*. Skráð er í töfluna *Lífeyrir utan kerfis* til að fá hlutdeild sjóða utan GL sjóða með í útreikninginn. Ef mynduð er færsla í þá töflu og hakað við *Enginn lífeyrir utan kerfis*, þá er lífeyrisþaki eingöngu skipt samkvæmt lífeyrisstýringum. Óskipt lífeyrisþak reiknast öðruvísi ef færsla í töflunni *Lífeyrir utan kerfis* er til aðar. Þegar *Lífeyrir utan kerfis* er til staðar þá fá sjóðir utan kerfis hlutdeild í þaki. Þá eru aðeins tekjur Tryggingastofnunar og aðrar launatekjur til lækkunar á lífeyrisþaki. Ef engin færsla er til staðar í Lífeyri utan kerfis, þá er eldri útfærsla / módel notað og lífeyristekjur samkvæmt staðgreiðslu reiknast inn í áætlaðar tekjur. Þá er örokulífeyrir GL sjóða (og makalífeyrir GL sjóða þegar það á við) samkvæmt greiðsluhreyfingum dreginn frá lífeyristekjunum.

Annað

Ef lífeyrisþegi telst búa erlendis en engar erlendar tekjur hafa verið skráðar á viðkomandi, þá er lífeyrisþak sett á kr. 0. Ef búið var að handskrá lífeyrisþak með sama gildistíma og keyrslan er sett á, þá er nýtt vélrænt lífeyrisþak ekki skráð. Ef engar viðmiðunartekjur reiknast vegna þess að engin framtöl hafa verið skráð, þá verður þakið kr. 0.

Lífeyrir utan kerfis

Hér eru skráðar upplýsingar um úrskurðaðan lífeyri umsækjanda hjá sjóðum utan Jóakim, ef við á. Ef vitað er að umsækjandi á einungis réttindi í sjóðum innan Jóakim, er stofnuð færsla og hakað við *Enginn lífeyrir utankerfis*, til að vinnslan *Uppfærsla lífeyrisþaka* hafi réttar forsendur.

Bréf til umsækjenda

Þegar umsókn hefur verið afgreidd (samþykkt) er bréf til umsækjanda tekið út.

Texti bréfsins tekur mið af tegund umsóknar. Í bréfinu koma m.a. upplýsingar um greiðslumánuð og upphæð lífeyris.

Ef breyta þarf sjálfgefnum texta bréfa, þarf að gæta þess að vera í umsókn af réttri tegund þegar farið er í verkliðinn *Bréf til umsækjenda*, textanum breytt og vistaður.

Greiðsluþegar

Farið er yfir í greiðsluþega, þar sem hægt er að skoða lífeyrisstýringar og aðra þá þætti er tengjast greiðsluþeganum. Sjá umfjöllun um greiðsluþega frammar í bókinni.

Breytingasaga umsókna

Ferill umsókna sést í breytingasögunni, frá skráningu til afgreiðslu. Hægt er að fara inn í línurnar til að skoða nánar.

Örorkumat

Boðunarbréf

Hér eru bréf vegna endurmats unnin til útsendingar.

Andmæla og matsbréf

Hér eru bréf með niðurstöðu endurmats unnin, jafnframt er örorkulífeyrisþega boðið upp á að skila inn athugasemdum og/eða kynna sér gögn málsins.

Sjúkdómagreiningar

Hér er haldið utanum sjúkdómagreiningu örorkulífeyrisþega.

Úrskurðuð gögn

Hér er boðið upp á að skoða nánar þau gögn er liggja til grundvallar örorkulífeyri greiðsluþega hjá sjóðnum.

Skiptihlutfall framreikning sýnir sjóði og hlutfallsprósentu þeirra í framreikningi.

Úrskurðarsjóður sýnir úrskurðarsjóð örorkulífeyrisþega og hvort um samskiptasjóð er að ræða, sé hann annar.

Úrskurðuð réttindi sýnir réttindin niður á iðgjaldamánuði og deildir. Ef farið er inn í færslu sjást nánari upplýsingar.

Úrskurðuð viðmiðunariðgjöld, hjá samskiptasjóðum sjást upplýsingar um viðmiðunariðgjald sjóðfélaga.

Úrskurðuð nýting viðmiðunariðgjalda sýnir nýtingu niður á mánuði.

Skattþrep greiðsluþega

Komið er inn í lista yfir skattþrep greiðsluþega. Listinn er tómur hafi ekkert verið skráð. Ný færsla stofnuð með Insert.

Hér er skráð inn ár og mánuður sem skattþrepið gildir frá, ásamt áætluðum á mánuði eða skattþrepi sem miða á við, samkvæmt umsókn frá greiðsluþega.

Samskipti

Hér sjást þau samskipti sem tengjast sjóðfélaganum.

Ef samskipti hafa verið vistuð með umsókn, sést umsóknarnúmerið.

Hægt er að skoða viðhengi þeirra línu sem verið er yfir með því að smella á hnappinn

Skoða viðhengi.

Lífeyrir utan kerfis

Ef umsóknin er vegna örorku- eða makalífeyris, sést þessi verkliður.

Hér eru skráðar upplýsingar um úrskurðaðan lífeyri umsækjanda hjá sjóðum utan Jóakim, ef við á.

Ef vitað er að umsækjandi á einungis réttindi í sjóðum innan Jóakim, er stofnuð færsla og hakað við Enginn lífeyrir utankerfis, til að vinnslan *Uppfærsla lífeyrisþaka* hafi réttar forsendur.

Bréf til annara sjóða

Ef umsóknin er vegna örorku- eða makalífeyris, sést þessi verkliður.

Ef senda þarf bréf til annara sjóða með upplýsingum um umsókn sjóðfélaga um örorku- eða makalífeyri, er það unnið hér.

Réttindasjóður

Hér er hægt að skrá inn úrskurðuð réttindi hjá réttindasjóði greiðsluþegans, til upplýsingar.


Umsóknarlisti

Hér er hægt að fá lista eftir ýmsum forsendum, t.d. stöðu umsóknar, til að hafa yfirsýn yfir þá aðila sem eru í vinnslu hjá trúnaðarlækni, vantar gögn hjá eða annað sem fá þarf yfirsýn yfir.

Afstemming réttinda

Listinn er til að bera saman úrskurðuð réttindi við réttindi skv. stýringu fyrir ákveðna umsókn eða umsóknarbil.

Sjúkdómagreining



Ef um umsókn vegna örorku er að ræða, er sjúkdómagreining samkvæmt læknisúrskurði sett inn hér.

Röðunarnúmer, ef um nokkra þætti er að ræða, er þeim raðað niður eftir vægi. Þannig geta verið fleiri en ein sjúkdómagreining á sama einstaklinginn.

Sjúkdómaflokkur og sundurliðun er sett inn samkvæmt úrskurðarblaðinu.

Rafrænar ellilífeyrisumsóknir

Ef lífeyrissjóður býður upp á að sækja um ellilífeyri rafrænt af sjóðfélagavef sínum, koma nýjar umsóknir til afgreiðslu fram hér. Umsóknir eru afgreiddar stakar með hnappnum „Afgreiða þessa umsókn“, eða margar í einu með því að velja þær sem afgreiða á með **F6** hnappnum, fara síðan í *Aðrar aðgerðir* og velja þar *Afgreiða lýstar umsóknir*.

Þegar umsókn er afgreidd, stofnast Umsókn í umsóknarflokki sem ætlaður er rafrænum umsóknum og er staða umsóknar í vinnslu. Allar upplýsingar sem umsækjandi fyllti út á vefnum fylgja inn í umsóknina, svo sem dagsetning móttöku, greiðslumánuður og bankareikningur. Umsóknin er síðan unnin áfram á hefðbundinn hátt.

Gögn umsókna

Breytingasaga umsókna

Hér er hægt að fá lista yfir breytingasögu ákveðins umsækjanda eða hóps umsækjenda.

Ýmsir valmöguleikar eru í boði til að sía listann eftir, en ef skoða á breytingasögu ákveðins einstaklings er kennitala hans sett inn.

Iðgjaldagrunnar

Hér er hægt að skoða iðgjaldagrunn umsækjanda og er kennitala hans, eða umsóknarnúmer sett inn. Þá sjást þau iðgjaldaár og réttindi sem stofnuð hafa verið í iðgjaldagrunninn við vinnslu á umsókn greiðsluþegans.

Fráviksár í framreikningi

Hér er hægt að sjá hvort fráviksár hafi verið skráð á greiðsluþega vegna framreiknings réttinda við örorkuúrskurð.

Úrskurðuð réttindi

Hér er hægt að sjá þau réttindi er úrskurðuð voru við afgreiðslu umsóknar viðkomandi.

Úrskurðuð viðmiðunariðgjöld

Ef sjóður er samskiptasjóður, er hægt að skoða úrskurðuð viðmiðunariðgjöld umsækjanda.

Úrskurðuð réttindasjóði

Hér sést réttindasjóður greiðsluþega, hafi hann verið skráður inn.

Úrskurðuð nýting viðmiðunariðgjalds

Ef sjóður er samskiptasjóður, er hægt að sjá nýtingu viðmiðunariðgjalds niður á mánuði.

Samskipti úrskurða

Hér sjást samskipti sem skráð hafa verið á einstakling í úrskurðarkerfinu. settar eru inn þær upplýsingar í valforsendur sem síða á eftir.

Stjórnupplýsingar

Hér eru stýringar umsókna úrskurðarkerfis settar inn.

- ▼ Stjórnupplýsingar
 - Almennar umsóknartegundir
 - Umsóknartegundir ellilífeyris
 - Umsóknartegundir örorkulífeyris
 - Umsóknartegundir makalífeyris
 - Tegundir fylgigagna
 - Umsóknarstöður
 - Umsóknarflokkar
 - Umsóknarstofur
 - Samskiptahópar umsókna
 - > Sjúkdómaflokkun

Skráning umsóknartegunda

Í umsóknartegundinni eru settar inn stýringar fyrir réttindaútreikinginn, framreikning og skerðingar.

Kerfið myndar einnig lífeyrisstýringar í samræmi við umsóknartegund við frágang umsóknar. Einfaldast er að setja upp umsóknartegund ellilífeyris. Þar þarf eingöngu að gefa upp einkenni, heiti, sjóð og stýringar fyrir eingreiðslu. Meira mál er að setja upp umsóknartegundir örorku og makalífeyris sem eru með framfreikning og ýmsar skerðingar tengdar honum.

Fyrir allar umsóknartegundir þarf að gefa upp *Einkeinni*, *Heiti* og *Sjóð*. Auk þess er *Réttindamánaðabil* á öllum tegundum, sem segir til um gildistíma umsóknartegunda. Réttindamánaðabil er autt í byrjun, en ef réttindabreytingar eiga sér stað þá getur þurft að loka umsóknartegund og mynda nýja með nýjum útreiknings forsendum. Til dæmis nýrri viðmiðunarupphæð vegna stopulla greiðslna. Þá þarf að setja inn *Réttindamánaðabil*. Stundum gætu 2 umsóknartegundir verið í gildi á saman tíma. Reglan er að breyting í nýrri samþykkt skal aðeins gilda fyrir úrskurði sem eru með réttindamánuð eftir gildistíma samþykktar. Í skráningu umsókna er tékkað á að réttindamánuður sé innan þeirra marka sem hér eru sett.

Fliparnir *Fylgigögn* og *Eingreiðslur* eru til staðar á öllum umsóknartegundum. Á flipanum *Fylgigögn* er hægt að tiltaka þau gögn sem eiga að fylgja umsókn. Þá koma þau upp með hverri umsókn og hægt er að merkja við að þeim hafi verið skilað.

Fyrir maka- og örorkuumsóknir bætast við fliparnir *Stýringar lífeyris*, *Framreikningur*, *Áraffjölda skerðing*, *Stoupular greiðslur* og *Skerðing réttinda*.

Loks bætist flipinn *Makalífeyrir* við þegar um er að ræða umsóknartegund makalífeyris.

Almennar umsóknartegundir

Listinn sýnir eldri umsóknartegundir vegna umsókna úr eldra kerfi, eða áður en úrskurðarkerfið var útfært fyrir viðkomandi tegund. Einnig geta umsóknir um séreign verið settar upp hér.

Umsóknartegundir ellilífeyris

Listinn sýnir umsóknartegundir ellilífeyris hjá stofnun. Þegar farið er inn í spjaldið, eru fjórir flipar í boði, en við ellilífeyri er flipinn *Eingreiðslur* fylltur út.

Þegar hakað er við Nota eingreiðslustýringar opnast efirtaldir reitir til útfyllingar:

Reitur	Lýsing
Lágmarksupphæð	Viðm.upphæð eingreiðslu. Ef uppreiknuð áunnin réttindi eru undir þessari upphæð, þá myndast eingreiðslustýring við frágang umsóknar. Áunnin réttindi eru þá margfölduð upp með stuðlum úr eingreiðslutöflum og síðan margfaldað með 12 til að fá réttindi á ársgrunni.
Viðm.dags	Viðmiðunardagsetning vísitölu sem lágmarksupphæð miðast við
Vísitala	Vísitala sem notuð er til að uppreikna lágmarksupphæð
Eingr.tafla kvenna	Tafla sem notuð er til að reikna upp réttindi til útborgunar þegar um eingreiðslu er að ræða. Það gildir sitt hvor taflan fyrir konur og karla.
Eingr.tafla karla	Tafla sem notuð er til að reikna upp réttindi til útborgunar þegar um eingreiðslu er að ræða. Það gildir sitt hvor taflan fyrir konur og karla.
Stöðv.athsmð	Stöðvunarathugasemd eingreiðslu sem lífeyrisstýring fær við frágang umsóknar

Umsóknartegundir Örorkulífeyris

Listinn sýnir umsóknartegundir örorkulífeyris hjá stofnun. Þegar farið er inn í spjaldið, eru fjórir flipar í boði: *Stýringar lífeyris*, *Fylgigögn*, *Eingreiðslur* og *Barnalífeyrir*.

Stýringar er síðan með undirflipa: *Framreikningur*, *Árafjöldi skerðinga*, *Stopular greiðslur* og *Skerðing réttinda*.

Þegar um er að ræða maka- eða örorkulífeyristegund þarf að fylla út í alla reitina undir flípanum *Stýringar lífeyris*:

Lífeyristegund:	MAL	Makalífeyrir
Barnalífeyristegund:	B2M	Barnalífeyrir
Vísitala:	NEYSAL	Neysluverðsv. framlengt með GSAL
Fj.ára frá orkutapi:	4	Lágmarks hlutfall: % v/hlutfalls sjóðs í framreikningi. Orkutapsárið með talið.
Stubbamark:	600	m.v. dags: 01.01.2004
Br.örorkumat st.ath:	BR.ÖR%	

Reitur	Lýsing
Lífeyristegund	Lífeyristegund sem umsóknartegundin tengist. Fyrir hverja örorku- eða makalífeyristegund lífeyristegund sem er í gildi og hvern sjóð, þarf að vera til umsóknartegund. Við frágang umsóknar myndast lífeyrisstýring af þeirri tegund sem hér er tilgreind.
Barnalífeyristegund	Sú barnalífeyristegund sem umsóknartegundin tengist.

Reitur	Lýsing
Vísitala	<i>Einkenni þeirrar vísitölu sem fjárhæðir í samþykktum eru reiknaðar upp með.</i>
Fj.ára frá orkutapi	<i>Fjöldi ára frá orkutapi sem notaður er til viðmiðunar þegar verið er að reikna hlutdeild sjóðs í skiptingu framreiknings. Orkutapsárið er þá talið með</i>
Lágmarks hlutfall	Ef hlutfall sjóðs í skiptingu framreiknings fer niður fyrir það lágmark sem tiltekið er hér, þá er prósentutalan flutt í úrskurðarsjóð. <i>Úrskurðarsjóður er skilgreindur eftir þessum reglum:</i> Úrskurðarsjóður er sá sjóður sem síðast var greitt til Ef greitt var til fleiri sjóða í síðasta mánuði, þá er úrskurðarsjóður sá sem fékk hærri iðgjöld Ef fleiri en einn sjóður fengu sömu iðgjöld í síðasta mánuðu fyrir orkutap, þá er úrskurðarsjóður sá sem er með hæsta skipt.hlutfallið af þeim Úrskurðarsjóður er sá sjóður sem síðast var greitt til Ef greitt var til fleiri sjóða í síðasta mánuði, þá er úrskurðarsjóður sá sem fékk hærri iðgjöld Ef fleiri en einn sjóður fengu sömu iðgjöld í síðasta mánuðu fyrir orkutap, þá er úrskurðarsjóður sá sem er með hæsta skipt.hlutfallið af þeim.
Stubbamark	Sú viðmiðunarupphæð sem miðað er við þegar stubbur er skilgreindur. Ef réttindi sjóðfélaga eru undir stubbamarki þá þarf að flytja réttindi í móttökusjóð.
m.v. dags	Viðmiðunarupphæð stubbs samkvæmt samþykktum sjóðs miðast við vísitölu tilteknum degi.
Br.örorkumat st.ath:	Sú stöðvunarathugasemd sem kemur við breytingu á örorkuprósentu.

Flipinn Framreikningur:

Reitur	Lýsing
Fj.viðm.ára	Árafjöldi sem notaður er til grundvallar þegar meðalupphæð viðmiðunarára framreiknings er reiknuð. Fj. viðm. ára eru venjulega 3 eða 4 ár. Það eru árin fyrir orkutap. Þegar meðalupphæð er reiknuð er orkutapsárið ekki tekið með. Þegar aftur á móti verið er að reikna hlutdeild sjóðs í framreikningi, þá eru iðgjöld orkutapsársins einnig skoðuð. Reiturinn Fj.ára skiptinga er aftur á móti notaður þegar verið er að reikna skiptihlutfallið.
Lám.fj.viðm.ára .	Í samþykktum er kveðið á um skilyrði framreikningsréttar. Sjóðfélagi þarf að hafa greitt iðgjöld til sjóðsins amk. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum. Hér er þessi árafjöldi settur inn.
Lágm.iðgj.upph	Sjóðfélagi þarf að hafa greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 60.000 hvert þessara þriggja ára. Hér er sett inn sú upphæð sem tilgreind er í samþykktum. Einnig þarf að setja inn dagsetningu til að forritið finni grunnvísitöluna sem upphæðin miðast við.
Lágm.fj.síð.mán..	Til viðmótar við lágmarksfjölda ára er kveðið á í samþykktum um lágmarks mánaðarfjölda: "greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum". Hér er þessi mánaðarfjöldi settur inn.
Hám.aldur frmrkn.	Ef sjóður setur einhver skilyrði um hámarksaldur sjóðfélaga, til að framreikningur fari fram. Venjulega er enginn hámarksaldur og framreiknað til 65 ára aldurs.
Framrkn. til aldurs	Fjöldi ára í framreikningi stjórnast af þessum reit. Venjulega er framreiknað til 65 ára aldurs.

Flipinn Árafjölda skerðing

Reitur	Lýsing
Skerða vegna árafjölda	Hér er tilgreint hvort sjóðurinn noti skerðingarreglu vegna árafjölda í framreikningi. Það eru venjulega 10 ár.
Fj.ára fullnýt.	Hvað mörg framreikningsár eru án skerðingar, þegar reglu um árafjöldaskerðingu er beitt.
Samþ.upphæð v/árafjöldareglu	Sú upphæð sem tiltekin er í samþykktum og miða skal við í árafjöldareglu til dæmis: "Nemi meðaltal árlegra iðgjaldagreiðslna, sem miða skal framreikning við meira en 120.000 kr....,
m.v. dags	Dagsetning sem grunnvísitala samþykktarupphæðar miðast við.
Nýting umframiðgj.	Sú prósentutala sem notast er við þegar iðgjöld eru ákveðin eftir 10 ára fullnýtingu í framreikningi. <i>"Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald."</i> (Úr samþykktum Stapa) Þegar samþykktin er eins og að ofan greinir, þá skal setja 0% í reitinn. <i>"Nemi árlegt meðaltal iðgjalda, sem miða skal framreikning við skv. 11.9. og 11.10., meira en kr. 400.000 skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað kr. 400.000 á ári að viðbættum helmingi iðgjalda sem umfram eru."</i> (Úr samþykktum Söfnunarsjóðs) Til að forritið taki tillit til ofangreindrar klausu "...að viðbættum helmingi þeirra iðgjalda sem umfram eru" þarf að setja 50% í reitinn.

Flipinn Stopular greiðslur

Reitur	Lýsing
Aldur frá	Ef notast er við skerðingu vegna stopulla greiðslna, þá eru ekki skoðuð þau ár, þar sem sjóðfélagi er yngri en hér er tiltekið.
Samþ.upphæð v.stopulla greiðslna	Sú <i>iðgjald</i> upphæð sem tiltekin er í samþykktum og miða skal við í reglu vegna stopulla greiðslna. t.d. "Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið lægri en svaraði til kr. 42.000 iðgjalds fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri". Hér þarf að athuga að setja inn lágmarks iðgjaldagreiðslur per ár, en ekki lágmarkslaunagreiðslur per ár. Í sumum samþykktum er samþykktarupphæðin miðuð við launagreiðslur per ár. Ef svo er, þá þarf að umreikna upphæðina yfir í iðgjaldagreiðslur.
m.v.dags	Dagsetning sem grunnvísitala samþykktarupphæðar miðast við.
Leyfilegur fj.ára	Fjöldi stopulla ára þarf að vera hærri en hér er tilgreint til að skerðing vegna stopulla greiðslna eigi sér stað.

Flipinn Skerðing réttinda

Aðeins einn sjóðiur, Birta lífeyrissjóður skerðir réttindi á grundvelli svokallaðrar *30 ára reglu*. En hún felur í sér að aðeins 30 bestu iðgjaldaárin nýtist að fullu í framreikningi, en iðgjöld annara ára eru skert að helmingi í útreikningi réttinda.

Flipinn *Barnalífeyrir*

Hér er hægt að skrá inn forsendur fyrir skilyrðum til barnalífeyris fyrir umsóknartegund. Aldur barns, tímabil iðgjaldagreiðslna og lámarkslífeyri. Einnig er hægt að setja inn vegna hlutfallslegrar lækkunar barnalífeyris, við hvaða iðgjaldastofn hlutfallsleg lækkun hefst og við hvaða lífeyrismörk.

Umsóknartegundir makalífeyris

Listinn sýnir umsóknartegundir makalífeyris hjá stofnun. Þegar farið er inn í spjaldið, eru fjórir flipar í boði: *Stýringar lífeyris*, *Fylgigögn*, *Eingreiðslur* og *Barnalífeyrir*.

Stýringar er síðan með undirflipa: *Makalífeyrir*, *Framreikningur*, *Árafjöldi skerðinga*, *Stopular greiðslur* og *Skerðing réttinda*.

Búið er að fjalla um aðra flipa en Makalífeyri.

Flipinn *Makalífeyrir*

Tímabundinn makalífeyri – sett er inn hlutfall tímabundins makalífeyris af elli eða örorkulífeyri.

Fullur makalífeyrir – settur er inn fjöldi mánaða, stöðvunarathugasemd og aldursmörk yngsta barns.

Takmarkaður makalífeyrir – settur er inn fjöldi mánaða, stöðvunarathugasemd og hlutfall af fullum makalífeyri. Ef um eignatengda ávinnslu er að ræða er sett inn lífeyristegund ef sjóðfélagi var á ellilífeyri.

Ef um *ævilangan makalífeyrir* er sett upp sér tegund, *Lífeyristegund ævilangs makalífeyris*.


Tegundir fylgigagna

Þegar tegund umsóknar er sett upp, er hægt að gefa upp hvaða fylgigögn tilheyra henni. Tegundirnar eru skráðar inn hér.


Umsóknarstöður

Hér eru þær tegundir sem nota á við flokkun á stöðu umsókna stofnaðar.

Innbyggð í kerfið eru 3 megin stöðuflokkar, sem kallast **Ástand** umsókna: Í vinnslu, samþykkt eða hafnað.



Eink	Heiti	Lok
LÆKN	Læknisvottorð	
SKAT	Skattframtöl	
HJÚ	Hjúskaparvottorð	
S-ÚT	Umsókn um greiðslu séreignar	
STFX	Staðfesting á útgreiðslu	




Eink	Heiti	Ást	Fj.ums	Lok
a	afgreitt		0	
h	hafnað		0	
v	í vinnslu		1	

Umsóknarflokkar

Hér eru flokkar umsókna stofnaðir, t.d. einn flokkur fyrir hvert ár, eða hverja lífeyristegund.

Þessir flokkar eru ætlaðir til grófflokkunar umsókna og eru sambærilegir við fylgiskjalaflokka í iðgjaldakerfi.



Eink	Heiti	Hæst	Fj.ums	Lok
M	Makalífeyrir		1	1
E	Eftirlaun		1	0
O	Örorkulífeyrir		0	

Umsóknarstofur

Ef umsóknarstofa er aðeins með eina númeraröð fyrir allar umsóknartegundir, þá má setja inn sjálfgefinn flokk. Einnig, ef opið er fyrir rafrænar umsóknir af vefnum, er flokkur fyrir rafrænar umsóknir settur inn sem sjálfgefinn. Annars er betra að hafa reitinn auðann og slá inn flokk í hvert skipti sem umsókn er mynduð.

Númer	Nafn	FI	Samb	Höfn	Vinnsl
L200	Gildi - lífeyrissjóður	SIJ	a	s	u
L260	Lífeyrissjóður bændna		afgr	synj	v
L430	Birta lífeyrissjóður		s	h	v
L500	Stapi lífeyrissjóður		a	h	u

Stofnun:	L200	Gildi - lífeyrissjóður
Sjálf. flokk:	SIJ	Sjálfgefið~
Sjálf. staða samb:	a	afgreitt
Sjálf. staða höfn:	s	umsókn synjað
Sjálf. staða vinnslu:	u	Umsókn í vinnslu
Samskiptahópur:	Samskiptasjóðir	
Samkomulagshópur:	9 sj. samkomulag - jöfn ávinnsla	
Skráð síðast:	sunna	2020-07-06 11:13:45

Samskiptahópar umsókna

Samskiptahópur umsóknarstofu er skilgreindur í stofngögnum stofunnar.

Við skráningu iðgjalda í iðgjaldagrunn, þá kemur fram hvort viðkomandi sjóður er innan samskiptahóps eða ekki. Vegna skerðingarreglu stopulla greiðslna, þá er

Númer	Nafn	Deild
L015	SI - lífeyrissjóður	
L200	Gildi - lífeyrissjóður	
L260	Lífeyrissjóður bændna	
L500	Stapi lífeyrissjóður	
L540	Lífeyrissjóður Rangæinga (Anion)	
L800	PESTA - lífeyrissjóður	
L860	Lífeyrissjóður verslunarmanna	
L880	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	

nausynlegt að hægt sé að skrá iðgjöld á sjóði sem eru utan samskiptahóps.

Þau ár sem greitt er í sjóði utan samskiptagrunns, mega ekki teljast með sem stopul ár.

Heiti	Sjóðir
9 sj. samkomulag - jöfn ávinnsla	8
breytt örorka	5
endurmatssjóðir	5
makabréf	6
Samskiptasjóðir	21
Útsendingasjóðir	7

Sjúkdómaflokkun

- ▼ Sjúkdómaflokkun
 - ☐ Sjúkdómar
 - ☐ Sjúkdómaflokkar
 - ☐ Sjúkdómahópar
 - ☐ Kaflar sjúkdómaflokka

Hér er hægt að skoða þá sjúkdóma, sjúkdómaflokka, sjúkdómahópa og kafla sjúkdómaflokka, sem til eru í kerfinu og eru samkvæmt ICD 10 staðli.

RSK umsóknir vegna séreignaútgreiðslu

RSK býður upp á vefþjónustu sem tekur við umsóknum um útgreiðslu séreignarsparnaðar.

RSK umsóknir vegna séreignaútgreiðslu - L999

Umsóknaraðili: []

Móttökudags: 06.07.2022 [] Sjóður: L999

Staða: Skráning

Upphæð sótt: []

Greitt frá: []

Símanúmer: []

Netfang: []

Rekingsnúmer: []

Skattöpp: []

Húsf. pers. afli: [] Gildir frá: []

Hélf. afli.mak: [] Gildir frá: []

Eignir sjóðsdeilda: [] Athugasemdir: []

Sjóðsdeild: Heiti: [] Inneign: []

Samtala: []

Þegar notað: []

Til ráðstöfunar: 0

[] Yfirlit um sjóðfélaga [] Senda umsókn til RSK [] Skráning greiðsluþega

Skráð silast: []

F3=flatt.

Hér er kallað á RSK vefþjónustuna sem svarar með heimild og skiptingu upphæðarinnar sem sótt er um niður á mánuði. Í verkliðnum sjást aðeins þær umsóknir sem eru á skráningarstigi, en með því að kalla á valforsenduglugga má afmarka á stöðu umsókna. Staðan getur verið: Skráning, Heimilað, Afturkallað og Klárað.

Til að sækja um útgreiðslu þarf að stofna umsóknarfærslu, gefa upp kennitölu og upphæð og smella á hnappinn *Senda umsókn til RSK*.

Ef RSK svarar með heimild birtast

heimildarfærslur með greiðslum skipt niður á mánuði. Eftir það er hægt að kalla á *Skráningu greiðsluþega* og stofna séreignarstýringar í samræmi við heimildina.

Móttökudags: 08.07.2021 Sjóður: []

Upphæð sótt: 2.000.000

Greitt frá: 2021-07

Greitt til: 2021-12 ... Dreifa

Útgreiðslur:

Mánuður	Upphæð
2021-07	333.333
2021-08	333.333
2021-09	333.334
2021-10	333.333
2021-11	333.334
2021-12	333.333
Samt:	2.000.000

Aðgangur hjá RSK

Kennitala sjóðs: []

Verifylli: []

Umsókn verður send til RSK sem mun heimilað fjárhæð til útgreiðslu fyrir hvern mánuð.

Ef átt verður tímabil lágmarkað við dreifingu, annars verður dreift jafnt.

Hægt er að senda beiðni um hvernig skipta á upphæð. Þá er upphæð dreift á tiltekinn fjölda mánaða. Þá er mánuður *Greitt til* gefinn upp á spjaldinu sem kemur upp þegar smellt er á *Senda umsókn til RSK*. Þegar búið er að gefa upp mánuð, þá þarf að smella á *...Dreifa* til að mynda skiptingu.

Séreignarstýringar eru skráðar í samræmi við heimilaða skiptingu sem kemur frá RSK.

RSK ums. númer: 243014

Hámarks upphæð: 12.000.000

Mánaðarútgreiðslur

Mánuður	Upphæð
2021-05	435.643
2021-06	435.643
2021-07	435.643
2021-08	435.643
2021-09	435.643
2021-10	435.643
2021-11	435.643
2021-12	435.646
Samt:	3.485.147

[] Yfirlit um sjóðfélaga [] Breyta umsókn hjá RSK [] Skráning greiðsluþega

RSK séreignaútgreiðslur stjórnuþplýsinga

Hér eru stjórnuþplýsingar vegna séreignaútgreiðslu skv. lögum settar inn. Tilgreina þarf *Útgreiðslusjóð*, *Hámarks upphæð* til útgreiðslu, *Tímabil* sem heimilt er að taka við umsóknum og greiða út á, *Hámarksupphæð á mánuði* – er 800.000, *Fjöldi skattþrepa* – 3, *Leyfilegar sjóðsdeildir* – hefðbundnar séreignasjóðsdeildir sjóðsins.

Stjórnuþplýsingar

Stjórnuþplýsingar og markaðstöflur innihalda grunnstýringar um greiðslustofur, lífeyrissjóði, lífeyristegundir, grunnlaunatöflur, staðgreiðslustýringar o.fl.

Greiðslustofur sjá um skráningu og viðhald í stjórnuþplýsingum og þeim þáttum markaðstaflna sem tilheyra lífeyrisgreiðslum.

- ▼ Stjórnuþplýsingar
 - ☑ Lífeyristegundir sjóða
 - ☑ Séreignartegundir sjóða
 - ☑ Lífeyristegundir
 - ☑ Séreignartegundir
 - ☑ Tekjutegundir launagreiðenda
 - ☑ Sjóðir utankerfis
 - Grunnupplýsingar

Lífeyristegundir sjóða

Áður en hægt er að nota lífeyristegund þarf að tilgreina hvaða sjóðir mega nota hana.

Grst	Sjóður	Eink	Heiti	G.frá	G.til	Rétt.br	Uppb.it	Uppb.taf	Lupp.gjör	Lokað
N003	L001	BN	Barnalífeyrir							
N003	L001	BV	Barnalífeyrir Neysluvísitala							
N003	L001	EO01	Ellilífeyrir til útrkn L001	2005-06						
N003	L001	EG01	Ellilífeyrir til útrkn L001G							
N003	L001	MO01	Makalífeyrir L001							
N003	L001	UT	Endurgreiðsla löggjalda							
N003	L001	OO01	Örorkulífeyrir L001							
N003	L999	BARN	Barnalífeyrir							
N003	L999	DES	Desemberuppbót hlutfallsdeild							
N003	L999	EH	Ellilífeyrir hlutfallsdeild							
N003	L999	ES	Ellilífeyrir stigadeild							
N003	L999	MH	Makalífeyrir hlutfallsdeild							
N003	L999	MS	Makalífeyrir stigadeild							
N003	L999	OH	Örorkulífeyrir hlutfallsdeild							
N003	L999	OS	Örorkulífeyrir stigadeild							

Hér er hægt að tilgreina hvenær greiðslutegund gildir, hvert leyfilegt réttindabil hennar er og hvort hún tengist launagreiðendauppgjöri.

Séreignartegundir sjóða

Á sama hátt þarf að tilgreina hvaða sjóðir mega nota hvaða séreignartegund.

Lífeyristegundir

Lífeyristegundir innihalda upplýsingar um hvernig lífeyrir eigi að reiknast o.fl.

Eink	Heiti	Höp	Margf. A.tafli	Visit	Reikniaðf	Skm	Stak	Lok
BARN	Barnalífeyrir	FYR	1,000	BARN	Fóstr grunnlaun	LBAR	✓	
BN	Barnalífeyrir	EFT	1,000	BARN	Stigaútrekningur	LBAR	✓	
BV	Barnalífeyrir Neysluvísitala	EFT	1000,000	NEVG	Verðbætt lífeyri	LBAR	✓	
DES	Desemberuppbót hlutfallsdeild	DES	1000,000	NEYS	Verðbætt lífeyri	LÍFG	✓	
EO01	Ellilífeyrir til útrkn L001	EFT	1000,000 L001E1	NEYS	Verðbætt lífeyri	LÍFG	✓	
EG01	Ellilífeyrir til útrkn L001G	EFT	1000,000 L001E1	NEYS	Verðbætt lífeyri	LÍFG	✓	
EH	Ellilífeyrir hlutfallsdeild	FYR	1000,000 L2	NEYS	Verðbætt lífeyri	LÍFG	✓	
EL	Ellilífeyrir stigadeild	FYR	1,800	GSAL	Stigaútrekningur	LÍFG	✓	
MA	Makalífeyrir L001	EFT	1000,000	NEVG	Verðbætt lífeyri	LÍFG	✓	
MO	Makalífeyrir hlutfallsdeild	FYR	1000,000	NEYS	Verðbætt lífeyri	LÍFG	✓	
MS	Makalífeyrir stigadeild	FYR	1,000	GSAL	Stigaútrekningur	LÍFG	✓	
OR	Örorkulífeyrir L001	EFT	1,000	NEVG	Stigaútrekningur	LÍFG	✓	
OO	Örorkulífeyrir hlutfallsdeild	FYR	1000,000	NEYS	Verðbætt lífeyri	LÍFG	✓	
OS	Örorkulífeyrir stigadeild	FYR	1,800	GSAL	Stigaútrekningur	LÍFG	✓	

Hægt er að stýra í lífeyristegundum bæði lækkun lífeyris vegna flýtingar á töku lífeyris og hækkun lífeyris vegna frestunar á töku lífeyris.

Með þessum upplýsingum getur kerfið reiknað lífeyri út frá grunnstigi lífeyrisþegans.

Þessar stýringar nýtast þeim sjóðum sem vilja láta kerfið reikna út lífeyrinn alfarið og reikna ekki út hækkunina/lækkunina utan kerfis.

Ef um er að ræða Örorku- eða Makalífeyristegund, þá eru Aldursháðu stillingarnar ekki notaðar, en þá þarf að haka við hvort nota eigi Matshlutfall eða

Réttindahlutfall á lífeyrisstýringunni. Eðlilegt er að haka við *Nota matshlutfall* þegar um örorkulífeyristegund er að ræða, en haka við *Nota réttindahlutfall* fyrir makalífeyrisstýringar.

Séreignartegundir

Í séreignartegundinni er tilgreint eftirfarandi:

Ávöxtunarlutf: Þetta stýrir dreifingu greiðslna yfir tímabil. Notað er annuitets útreikningur við hverja greiðslu miðað við áætluð ávöxtun. Ef sjóðurinn vill einfaldlega skipta eftirstöðvar jafnt niður eftir fjölda mánaða eftir þá er notað 0% ávöxtunarlutf.

Eink	Heiti	Hóp	Ávöxtun	Innh	Sjóðsdeild	Teg	Skv	Stak	Lok
SBL	Barnalífeyrir séreign	EFT	0,00000	L999	X998	XLG	LSÉR	✓	
SEE	Eingreiðslur séreign	EFT	0,00000	L999	X998	XLG	LSÉR	✓	
SEE4	Eingreiðslur séreign	EFT	0,00000	L999	X998-4	XLG	LSÉR	✓	
SEE5	Eingreiðslur séreign	EFT	0,00000	L999	X998-5	XLG	LSÉR	✓	
SEL	Ellilífeyrir séreign	EFT	3,50000	L999	X998	XLG	LSÉR	✓	
SEL4	Ellilífeyrir séreign	EFT	4,00000	L999	X998-4	XLG	LSÉR	✓	
SEL5	Ellilífeyrir séreign	EFT	3,50000	L999	X998-5	XLG	LSÉR	✓	
SML	Makalífeyrir séreign	EFT	3,50000	L999	X998	XLG	LSÉR	✓	
SML4	Makalífeyrir séreign	EFT	4,00000	L999	X998-4	XLG	LSÉR	✓	
SML5	Makalífeyrir séreign	EFT	3,50000	L999	X998-5	XLG	LSÉR	✓	
SÖL	Örorkulífeyrir séreign	EFT	3,50000	L999	X998	XLG	LSÉR	✓	

Einkenni: SEL
 Heiti: Ellilífeyrir séreign
 Minni heiti: Ellilífeyrir séreign
 Stutt heiti: ELI séreign
 Greiðsluflokkur: Séreignalífeyrir
 Skattameðferð: LSÉR Séreignargreiðslur Staðgreiðsluskilt
 Greiðsluhópur: EFT Eftirá lífeyrir
 Séreign
 Ávöxtunarlutf: 3,50000 %
 Lágmarksaldur byr: 60-01
 Lágmarksaldur lok: 67-00
 Vísitölutafli: NEYS Neyslúvísitala á greiðslu (lágms)
 Iðgjaldsjóðsdeild
 Innheimtuaðili: L999 Lífeyrissjóður til prufu
 Sjóðsdeild: X998 Séreign leið sem tapar
 Iðgjaldategund: XLG Séreignarlífeyrir
 Sjóðir tegundar
 Skráð sliðast: Lokað
 F7=Flettlis. OVR

Innheimtuaðili, sjóðsdeild og iðgjaldategund:

Segir til um hvernig á að færa iðgjöld til lækkunar á séreigninni. Það er líka notað til að reikna stöðu séreignar. Sé iðgjaldategund tilgreind, gefur það möguleika á að vera með sér bókhaldslykila á þeirri tegund hjá innheimtuaðilanum.

Lágmarksaldur byr: Lágmarksaldur sem má byrja að fá endurgreitt séreign, t.d. 60 ára. Ef autt er engin takmörk.

Lágmarksaldur lok: Lágmarksaldur sem má ljúka við síðustu endurgreiðslu séreignar, t.d. 67 ára. Ef

greiðsluþegi fær fasta upphæð á mánuði þá passar kerfið samt að hann fái ekki meira en það sem dugar til að séreignin endist til aldursmarka.

Vísitölutafli: Ef greiðsluþegi á að fá fasta upphæð þá er hægt að tengja það við vísitölu, t.d. neyslúverðsvísitölu, þannig að greiðslurnar fylgi verðlagsbreytingum.

Ef um séreign skv. lögum er að ræða, þarf að tengja séreignartegundina við greiðsluflokk (með sér skattameðferð) og greiðsluhóp sem ætlaðir eru fyrir þær útgreiðslur.

Stutt heiti: Séreign lög
 Greiðsluflokkur: Séreign skv. lögum 2020
 Skattameðferð: LSÉ2 Sérstakar séreignargreiðslur Staðgreiðsluskilt
 Greiðsluhópur: SER Séreign skv. lögum 2020

Tekjutegundir launagreiðanda

Launagreiðandi: 6002092069 Tryggingastofnun ríkissins
 Greiðsluþegi: 040 Tryggingastofnun
 Athugasemdir

Greiðslustofa setur inn tekjutegundir launagreiðenda (Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða, séreignasjóða ofl.) vegna tekna örorkuþega frá aðilum utan kerfis, til notkunar í tekjuathugun.

Sjóðir utankerfis

Greiðslustofa sér um skráningu á sjóðum utankerfis, sem skrá þarf upplýsingar um lífeyri frá við örorkuumsóknir.

Sjóð	Heiti	St.ba	Fj.tekj
L860	Lífeyrissjóður verslunarmanna	20	0
L680	Lsj. starfsm sveitarf. A-deild	22	0
L072	Lsj. bankamanna stígadeild	20	0
L031	Lífeyrissjóður stfm. Akureyrb B-d	19	0
L030	Lífeyrissjóður starfsm Akureyrb	18	0
L005	Almennur lífeyrissjóður víra	20	0

Grunnupplýsingar

Hér eru grunnupplýsingar Greiðslustofu settar inn og viðhaldið.

Greiðsluflokkar

Tegundir eru settar saman í flokka þannig að samskonar lífeyristegundir eru í sama flokki.

Greiðsluflokkar - N003 (TEST á JOAKTEST)

Heiti: Séreign skv. lögum 2020

Minni heiti: Séreign skv. lög

Skattameðferð: LSE2 Sérstakar séreignargreiðslur

☒ Staðgreiðsluskýlt Lm.reit: 31

☐ Lokað

Heiti	Skv	Stsk	Lm1	Lm2	Lok
Barnalífeyrir	LBAR	✓	51		
Ellilífeyrir	LIFG	✓	21		
Endurgreiðsla til útlendinga	LIFG	✓	21		
Fjölskyldubætur	LIFG	✓	21		
Makalífeyrir	LIFG	✓	21		
Séreign skv. lögum 2020	LSE2	✓	31		
Séreignarlífeyrir	LSER	✓	10		
Uppbótargreiðslur	LIFG	✓	21		
Örorkulífeyrir	LIFG	✓	21		

Staðlaðar athugasemdir

Þessar athugasemdir eru tengdar lífeyrisþegum t.d. vegna stöðvunar og skrifast út með lífeyristilkynningum, ef v er í reitnum *Tilk*.

Ef lífeyrir á að stöðvast vegna endurmats örorku, er hakað við reitinn *Endurk*.

Einkenni	Texti	Tilk	Endurk	Lok
16-ÁRA	Börn 16 ára á árinu eru nú sjálfstæðir skattaðilar	✓	✓	
AENDURM	Endurmat örorku, vinsamlegast skilð inn læknisvottorði	✓		
ALDUR	Örorkulífeyrir breytist í ellilífeyri vegna aldurs	✓		
ARLGR	Árleg greiðsla	✓		
BARNALOK	Barnalífeyrir fellur niður vegna aldurs barns skv. reglugerð	✓		
EINGR	Eingreiðsla lífeyris samkvæmt reglugerð sjóðsins	✓		
EINGRSÉR	Eingreiðsla séreignar	✓		
ELLI 70	Ellilífeyrir endurskoðast við 70 ára aldur	✓		
ELLI 75	Ellilífeyrir endurskoðast við 75 ára aldur	✓		
LÁTIN	Látin	✓		
SÉREIGN	Séreign er uppurin	✓		
SK.FRAMT	Vinsamlegst sendið sjóðnum framtal vegna tekna síðasta árs	✓		

Greiðslusjóðir

Hér er tilgreint hvaða sjóði viðkomandi greiðslustofa greiðir fyrir.

Sjóð	Heiti	Bank	Hb	Reikning	Lok	Tekj.vísit	Fj.ár	Sl.ár
L001	Örorku-sjóður	0526	26	12345	NEYG	4	8	
L999	Lífeyrisjóður til þrúfu	0526	26	12345	NEYG	4	8	
N003	Sjóður 3.námskeið	0526	26	12345	NEYG	4	8	
X998	Séreignarsjóður til þrúfu	0526	26	12345	NEYG	4	8	

tekjustýringar sem sjóðurinn notar í útreikningi á viðmiðunartekjum og sá árafjöldi sem notaður er í útreikningi á viðmiðunartekjum fyrir orkutap.

Haldið er utan um bankaupplýsingar sjóðanna og í spjaldi sjóðs eru jafnframt skráðar

Greiðslusjóður - N001

Greiðslustofa: N001 Sjóður 1.námskeið

Sjóður: N001 Sjóður 1.námskeið

Greiðslustýringar: Tekjustýringar

☒ Skrá tekjustýringar

Visitolutening: LAUN Launavísitala 1989

Fj. ára í meðaltal: 4

Fj. ár v/sleppun: 8 (sleppa bestu/verstu ár)

Upphafsmánuður: 2008-01

☐ Lokað

Greiðsluhópar

Greiðsluhópur segir til um hvenær lífeyrir reiknast og er greiddur t.d. hvort um er að ræða fyrirfram- eða eftirágreiðdan lífeyri.

Greiðslustofan getur séð um marga lífeyrishópa en þegar greiðsluvinnsla er keyrð þá er tilgreint hvaða lífeyrishóp á að reikna fyrir.

Hægt er að skilgreina að hópur eigi að bíða eftir því að annar hópur með sömu greiðsludagsetningu sé frágenginn.

Tekjutegundir

Hér eru tekjutegundir greiðslustofunnar tilgreindar. Eru þær í samræmi við tekjutegundir frá RSK. Tekjuathugunarforritið horfir á tekjutegundir við útreikning á lífeyrisþökum örorkulífeyrisþega.

Umsjónaraðilar persónuafsláttar

Hér er tilgreint hverjir hafi umsjón með skattkortum greiðsluþega. Umsjónaraðili tekur við og skráir inn upplýsingar af skattkorti og sér um varðveislu þess.

Greiðslustofur


Grunnupplýsingar greiðslustofu eru meðal annars upplýsingar um hvaða skattatöflur á að nota, númer innlausnarbanka og athugasemdir vegna andláts o.fl.

Athsm.v./séreign: Þegar inneignarstaðan rennur út fyrir stöðvunarmánuð þá er séreignin stöðvuð með þessa athugasemd.

Tekjustýringar greiðslustofu



Í Tekjustýringar Greiðslustofu eru tilgreindir þeir greiðsluflokkar sem tekjuathugunarforritið notar, það er hvaða flokkur skilgreinir örorkulífeyrinn og hvaða flokkur skilgreinir makalífeyririnn. Þar þarf líka að setja inn tekjutegund makalífeyris sem er til frádráttar öðum lífeyristekjum.

Einnig eru settar inn almennar hækkanir TR í sér flipa.




Bankar og höfuðbækur

Til þess að skrá bankareikning greiðsluþega, verður banki og höfuðbók að vera til í kerfinu.




Sjúkdómaflokkun




samkvæmt ICD10 staðli.

Hér er að finna
upplýsingar um sjúkdóma,
sjúkdómaflokka,
sjúkdómahópa og kafla
sjúkdómaflokka,




Uppfærslur

Uppfærslur eru keyrslur sem meðhöndla mikið gagnamagn. Greiðslustofur sjá um þær vinnslur sem tilheyra uppfærslum.



Greiðsluvinnslur

Í greiðsluvinnslum eru sjálfvirkar hreyfingar meðhöndlaðar. Hver vinnsla er sérstaklega skráð í kerfinu og þar með er notaður flettilisti til að viðhalda þeim:



Staða greiðsluvinnslu getur verið með eftirfarandi merki:

Hlaupandi kall eða klukka = Í vinnslu eða á áætlun, en á meðan er ekki hægt að breyta vinnslunni.

+ = Uppfærð en ekki frágengin og er þá hægt að endurkeyra vinnsluna með breytingum.


v = Frágengin vinnsla, vinnslunni er endanlega lokið og ekki hægt að endurkeyra nema breyta stöðu vinnslunnar í ófrágengið, en ekki er mælt með því ef búið er að greiða út.

Hægt er að keyra vinnslu fyrir ákveðinn greiðsluþega og er þá eingöngu endurreiknað hans mál.

Greiðslur til banka


Upplýsingar um greiðslur sem eru greiddar í gegnum bankakerfið eru skrifaðar út í skrá og sendar til banka.

Ef fleiri vinnslur eru með sömu útborgunardagsetningunni, t.d. FYR og EFT vinnslur, er hægt að senda eina skrá fyrir báðar/allar vinnslurnar saman, með því að setja 'x' í 'Aðrar vinnslur með'.



Greiðslur til banka í gegnum vefþjónustu

Ef samningur er við viðskiptabanka Greiðslustofu um sendingar í gegnum vefþjónustu, eru greiðslur til banka unnar hér. Vinnslan getur tekið þónokkurn tíma, sérstaklega ef um mikinn fjölda greiðslna er að ræða. Skipta þarf skránni í bunka, t.d. 5000.



Hreyfingar til skatts

Á sama hátt eru upplýsingar um staðgreiðslu sendar til skattstofu í gegnum vefþjónustu (tilgreina bunkastærð ef um stóra skrá er að ræða), en einnig er mögulegt að senda skrána í tölvupósti og/eða fá lista á skjáinn til útprintunar.

Útlestur lífeyrisstýringa

Hér er hægt að lesa út upplýsingar um greiðsluþega eftir ýmsum valmöguleikum.

Í útlestrarformið eru valin þau atriði sem fá á í skrána með því að setja númer í reitinn fyrir aftan atriðið, 1, 2, 3, o.sv.frv. Númerin segja til um í hvaða dálk atriðið kemur.

Útlestur greiðsluþega

Hér er hægt að lesa út upplýsingar um greiðsluþega eftir ýmsum valmöguleikum. Meðal annars eftir merkingum sem unnar eru í félagakerfi.

Boðið er uppá að brengla kennitölur í útlestrinum.

Í útlestrarformið eru valin þau atriði sem fá á í skrána með því að setja númer í reitinn fyrir aftan atriðið, 1, 2, 3, o.sv.frv.

Númerin segja til um í hvaða dálk atriðið kemur.

Aramótastillingar

Greiðslustofan keyrir þessa vinnslu árlega eftir að lífeyrisvinnsla vegna desembermánaðar er frágengin. Sett er inn árið sem á að ljúka.

Sér lífeyrir v/aldurs, ef sett er **x** í þennan reit, eru börn sem verða sextán ára á komandi ári sett sér á lífeyri, með sér skattkort.

Skattkort v/viðbótar persónuafsláttar, ef sett er **x** í þennan reit, núllar það út viðbótarpersónuafslátt á skattkortaupplýsingum bótaþegans.

Lífeyrissjóðamiðar

Þessi vinnsla skilar xml skrá sem lesin er inn hjá RSK innan tilskilins frests vegna greiðslna út úr sjóði frá árinu áður. Almennt er sá frestur síðari hluta janúar ár hvert. Hér er jafnframt hægt að gera útprentun á launamiðum og vista þá í samskiptakerfi.

Almennt

Kerfið stingur upp á síðasta almanaksári sem greiðsluári. Að öðru leyti er mælt með því að skráin sé útbúin m.v. alla greiðsluhópa í einu (reiturinn eingöngu með '*') nema sérstök ástæða sé til annars.

ATH. Ef mismunandi sjóðir innan félags skila undir annarri kennitölu en félagsins, þarf að fylla út reitinn 'Greiðandi í skrá' með þeirri kennitölu sem skal skráð sem greiðandi. Sá reitur birtist eingöngu í skjámyndinni ef valinn er ákveðinn greiðsluhópur.

Vistun í samskiptakerfi

Sé valið að vista miða þarf að velja inn viðeigandi samskiptaflokk. Aðgætið að gera eingöngu eina prentun með vistun í samskiptaflokki, þannig að sami launamiði sé ekki vistaður endurtekið.

Mínar runuvinnslur

Hér sjást þær runuvinnslur sem eru á áætlun eða í vinnslu hjá stofnuninni.

Listinn sýnir byrjunartíma runuvinnslunnar, hvort runuvinnslan sé háð einhverri annarri runuvinnslu, hvernær runuvinnslan er endurtekin, lýsing runuvinnslunnar, hvaða stofnun runuvinnslan tilheyrir, hvaða notandi bjó runuvinnsluna til og að lokum hvort runuvinnslan sé á áætlun eða ekki.


Dálkurinn Keyrslutími sýnir keyrslutíma runuvinnslu í KK:MM:SS. Þarna er rauntími ef keyrslan er frágengin, en áætlaður tími ef keyrslan er í bið, á áætlun eða í keyrslu. Áætlaður tími er tilgreindur með "~" merkinu fyrir framan tímann.

Skýrslur greiðslukerfis


Ýmsar skýrslur er hægt að skrifa út úr greiðslukerfinu. Skýrslur sýna upplýsingar sem þegar hafa verið skráðar í kerfið, en breyta ekki gögnum. Flestar skýrslur koma á skjáinn til nánari skoðunar og ef skýrslan er ekki eins og óskað er, er farið með **F4** í “Valforsendur” og útvali, röðun eða útfærslu breytt.

Skýrslur greiðsluþega og hreyfinga.

Hér eru skrifaðar út skýrslur yfir greiðsluþega og greiðsluhreyfingar.



Yfirlit um lífeyrisþega



Skýrslan sýnir margvíslegar upplýsingar um ákveðinn lífeyrisþega á einum stað. Hér er hægt að velja þau atriði sem eiga að koma fram.

Valforsendur fyrir Greiðsluþegann skiptast í fjóra kafla:

Iðgjöld, ef skoða á iðgjöld eftir nánara vali.

Áætlun lífeyris, val um m.a. lífeyrisaldur og tímabil tekjuáætlunar.

Lífeyrir, hakað við þá þætti sem eiga að koma í yfirlitinu, ásamt vali um tímabil.

Annað, hakað við það sem velja á..


Sett er inn kennitala greiðsluþegans. Hvaða

upplýsingar koma fram á yfirlitinu, fer eftir því hvaða reitir eru valdir. Útkoman fer síðan eftir því hvaða skilyrði eiga við viðkomandi lífeyrisþega. Viðmiðunardagsetning nýtist hjá aldurstengdum sjóðum.

Lífeyrisgreiðslulisti

Athugið: Ef valinn er ákveðinn sjóður eða ákveðin lífeyristegund þannig að eingöngu hluti af greiðslum lífeyrisþega kemur fram þá eru skatta- og útborgunartölur reiknaðar í hlutfalli við lífeyrisupphæð. Fram koma upplýsingar um greiðsluþegann, persónuafslátt, persónuafslátt maka, lífeyristegund, sjóð, greiðslumánuð, lífeyri, skatt, útborgun, uppruna (ef handfært) og **b** fyrir bakfærslu, ef um bakfærslu er að ræða.

Útfærsla, Ítarlegur listi, sýnir samtalslínu og sér línu fyrir hverja lífeyrisfærslu á hvern greiðsluþega. Samandregið, sýnir samtalslínu á hvern greiðsluþega.




Séreignagreiðslulisti

Samsvarandi listi og Lífeyrisgreiðslulistinn, nema þessi sýnir séreignarlífeyri greiðsluþega.

Útfærsla, Ítarlegur listi, sýnir samtalslínu og sér línu fyrir hverja lífeyrisfærslu á hvern greiðsluþega. Samandregið, sýnir samtalslínu á hvern greiðsluþega.

Greiðsluhreyfingar



Greiðsluhreyfingar” býður mjög sveigjanlega lista yfir greiðsluhreyfingar í kerfinu. Hægt er að velja, raða og sundurliða eftir ýmsum atriðum. Einnig er hægt að velja ítarlega lista, eða töflur sem eru samanteknar.

Skýringar á nokkrum svæðum:

Röðun: Hér eru fjögur svæði sem gefa möguleika á að raða eftir nokkrum atriðum.

Sjóði,

Kennitölu greiðsluþega,

Nafni greiðsluþega,

Greiðslutegund,

Greiðsluári, Banka.

Sundurliðun: Fyrir hvert röðunatriði er hægt að velja hvort útskriftin á að sýna sundurliðunarlínu. Sundurliðunarlínur koma fyrir ofan og sýna meðal annars samtals tölur.

Blaðsíðuskipti: Val um hvort fyrsta sundurliðunarstig á að byrja á nýrri blaðsíðu, t.d. eftir hvern sjóð á að byrja á nýrri blaðsíðu.

Útfærsla: Hægt er að skrifa út ítarlegan lista eða svo kallaða töflu, en þá eru eingöngu skrifaðar út sundurliðunar línur.

Önnur svæði skýra sig sjálf.

Niðurstöðulisti lífeyrisgreiðslna

Niðurstöðulisti gefur heildaryfirlit yfir lífeyrisgreiðslur mánaðarins og er notaður í uppgjöri milli greiðslustofu og undirsjóða.

Útfærsla,

Sjóðslistar = sundurliðun eftir sjóðum,

Samantekt = heildartölur,

Allt = bæði.

Boðið er upp á flokkun eftir Greiðsluflokkum, Færslugerð eða Bókhaldslyklum, ef þeir eru settir inn á lífeyristegundir.

Ef vinnslumánuður, sem beðið er um, er ófrágenginn kemur eftirfarandi mynd:

Val 2. býður upp á að skýrslan sé unnin, þó vinnslan sé ófrágengin. Gæta þarf þess að vinna nýjan niðurstöðulista þegar gengið hefur verið frá vinnslunni.

Listinn kemur með upplýsingar um lífeyri í mánuðnum, uppsafnað fyrir árið, fjölda í mánuðnum, fjölda á árinu og meðal réttindi fyrir hverja tegund.

Þá kemur fram ef um fyrirframgreiðslu (útborgað) er að ræða, hvað sé til greiðslu heima, skatt og útborgun (í banka).

Tegund	Skýring	Uppheð	Á árinu	Fjöldi	Fj. á árinu	Meðal rétt
SJÓÐUR: L999 Lífeyrissjóður til prufa						
Samtals:		0	0	1	1	
Lífeyrir - Ellilífeyrir:		9.259.104	9.259.104	1	1	
E999 - Ellilífeyrir:		9.259.104	9.259.104	1	1	45.823
Útborgað:		-9.259.104	-9.259.104	1	1	
Til greiðslu í banka:		-9.259.104	-9.259.104	1	1	

Greiðslulisti sjóða

Greiðslulisti sjóða sýnir greiðslur sem voru ekki greiddar í bankakerfinu og sjóðurinn verður að sjá sjálfur um að borga út (eða hefur þegar gert það).

Lífeyrisstýringar

Hér er hægt að fá lista yfir stýringar lífeyrisþega, eftir nánara útskipti.

Röðun,

eftir kennitölu greiðsluþega,
eftir nafni greiðsluþega.

Útfærsla,

Einfalt, m.a. upplýsingar um tegund lífeyris,
réttindi og greiðsluhlutfall.

Ítarlegt, upplýsingar um persónuafslátt bætast við.

Iðgjöld, svipað einfaldri útfærslu að viðbættum
upplýsingum um iðgjöld.

Launaflokkar, ef um lífeyri samkvæmt launaflokkum er að ræða, sést flokkurinn og þrepið
hér.

Með skrán.uppýs., skráningarupplýsingar bætast við.

Ellilífeyrir vantar endurnýjun, kemur með lista yfir þá aðila sem greitt hafa iðgjöld eftir að
lífeyristaka hófst og komnið er að endurúrskurði hjá.

Þessi listi nýtist m.a. vel til að fylgjast með hverjir eru að stöðvast, er þá ár og mánuður frá
og með og til og með sett inn í **Stöðvun:** 2022-06 - 2022-06 og koma þá á lista þeir sem
eru með stöðvun á þessu tímabili.

LÍFEYRISSTÝRINGAR										Sjóður 3,námskeið
Greiðsluþegi	Sjóð.	Gr.teg	Lífeyr.vegna	Sjóðfélagi	Réttindi	Gr.%	Rétt.m.	Gr.frá	Stöðvun	Stöðv.ath. Sk
Lífeyrisstýringar í útskrift: 4										
081156-9999 Obelix	L001	Ö001	081156-9999	081156-9999	124,384	100,00	2004-01	2004-01	2022-06	AENDURMHa
	L999	ÖS	081156-9999	081156-9999	76,653	100,00	2004-05	2004-05	2022-06	AENDURMHa
220356-0009 Lilja Harðar	L001	Ö001	220356-0009	220356-0009	200,337	100,00	2005-01	2005-01	2022-06	AENDURMHa
	L999	ÖS	220356-0009	220356-0009	99,999	100,00	2002-01	2002-01	2022-06	AENDURMHa

Séreignarstýringar

Hér er hægt að fá lista yfir
séreignarstýringar greiðsluþega, eftir
nánara útskipti.

Röðun,

eftir kennitölu greiðsluþega,
eftir nafni greiðsluþega.

Útfærsla,

Einfalt, m.a. upplýsingar um tegund
lífeyris, réttindi og greiðsluhlutfall.

Ítarlegt, upplýsingar um persónuafslátt bætast við.

Iðgjöld, svipað einfaldri útfærslu að viðbættum upplýsingum um iðgjöld.

Þessi listi nýtist m.a. til að finna þá aðila, eftir fyrri keyrslu greiðsluvinnslu, sem hafa
stöðvast vegna andláts og skoða þarf nánar hvort bregðast þurfi við áður en gengið er frá
Greiðsluvinnslu.

Límmiðar til greiðsluþega

Hér eru skrifaðir út límmiðar til greiðsluþega eftir nánara útvali.

Ath! Sækja þarf límmiðategund með því að vera í þeim reit, fara með **F7** í “Flettilista” og velja þar þá tegund sem nota á.

Röðun,

raðað eftir kennitölu,

í stafrófsröð,

eftir póstnúmeri og heimili.

Sýna kennitölu, ef **v** er sett í þennan reit, koma kennitölur lífeyrisþega á límmiðana.

Sýna heimilisfang, **v** er sjálfgildi og heimilisfangið kemur á límmiðana.

Ef verið er að prenta út límmiða til að merkja möppur lífeyrisþega, er sett **v** í “Sýna kennitölu” og **v**-ið tekið út úr reitnum “Sýna heimilisfang”.

Lífeyristilkynningar

Greiðslustofan sér um útkeyrslu greiðslutilkynninga.


Hægt er að skrifa út tilkynningu fyrir ákveðinn lífeyrisþega og er þá kennitala hans sett inn.

Almennar tilkynningar

Greiðslustofan sér um að kalla eftir ýmsum gögnum frá greiðsluþegum fyrir lífeyrissjóði, svo sem búsetuvottorði, endurmati ofl.

Fleiri skýrslur

Millifærslubeiðni banka




Ef Greiðslustofa sér um útgreiðslur fyrir marga sjóði, gefur þessi verkliður upplýsingar um greiðsluskiptingu sjóða og ef bankareikningar eru settir inn á sjóðina, er hér tilbúin millifærslubeiðni.

MILLIFÆRSLUBEIÐNI TIL BANKA				Sjóður 3.námskeið
Sjóð. Nafn	Kennitala	Bankareikningur	Úttekt	Innlögn
ÚTBORGUNARDAGS: 01.06.2022				
L001 Dummy-sjóður	410170-0009	0526-26-321	134 383 159	
X968 Sérreigningsjóður til prufu	411065-0239	0526-26-23456	3 097 241	
Útb. Sjóður 3.námskeið	650376-0809	0526- -		88 441 524
Sk. Sjóður 3.námskeið	650376-0809	- -		49 038 876
Samtals:			137 480 400	137 480 400

Skattkortablað


Hér er hægt að setja inn upplýsingar um greiðsluþega (og maka) og fá fram upplýsingar um skattkortið ef til stendur að breyta því.

Settar eru inn upplýsingar um hvernig skattaprósentan á að verða og aðrar þær upplýsingar sem við eiga. Vinnslan staðfest og prentuð út.



Lífeyristalningar

Hér er, á fljótlegan hátt, hægt að fá út lista fyrir valið greiðslubil (og sjóð), með upplýsingum um lífeyrisflokka og innan þeirra fjölda lífeyrisþega, sjóðfélaga og lífeyrir vegna t.d. barna.



Lífeyrisstatistik

Lifeyrisskattisk

Fjöldi greiðsluþega eftir aldri

Alðursbil	Konur	Karlar	Samtals	Upps.konur	Upps.karlar
55 - 59				—	□
60 - 69					

Samtals:

Fjöldi greiðsluþega eftir hjús

Hjúskapur

Ögiltigur

Skilvísilinn að lögum

Samtals:

Fjöldi einstaklinga eftir hjús

Hjúskapur

Ögiltigur

Skilvísilinn að lögum

Samtals:

Fjöldi greiðsluþega eftir aldri

Alðursbil	Konur	Karlar	Samtals	Upps.konur	Upps.karlar
55 - 59				—	□
60 - 69					

Samtals:

Fjöldi greiðsluþega eftir hjús

Hjúskapur

Ögiltigur

Skilvísilinn að lögum

Samtals:

Fjöldi einstaklinga eftir hjús

Hjúskapur

Ögiltigur

Skilvísilinn að lögum

Samtals:

Sýnir ýmsar fróðlegar tölur, meðal annars samanburð við þjóðskrá. Skýrslan var aðallega hönnuð með örorkulífeyri í huga samkvæmt uppskrift frá SAL (nú LL).

Uppgjör til launagreiðenda

Hjá þeim sjóðum sem eru með lífeyri er byggir á launatöxtum og þátttöku launagreiðenda, er þessi vinnsla unnin. Fram koma upplýsingar um launagreiðanda, greiðsluþega, lífeyri, grunnlífeyri, lífeyrisprósentu, uppgjörsprosentu, uppgjörsupphæð, tímabil og greiðslumánuð. Samtals lína er fyrir hvern launagreiðanda og heildarsamtala efst.

Uppgjör til launagreiðenda - N003 (TEST á JOAKTEST)

Uppsetning: [dropdown] [Vista uppsetningu]

Skýrsla

Röðun: [Kt. launagr.]

Valforsendur

Greiðsluþegi: [dropdown]

Launagr: [dropdown]

Sjóður: [L001] [Dummy-sjóður]

Greiðsluhópur: [dropdown]

Vinnslutímabil: 2022-06 - 2022-06

Lífeyrismán: [] - []

F7=Flettlst. ÖVR

Eftirlitsskýrslur

- ▼ Eftirlitsskýrslur
 - Breytingayfirlit greiðsluþega
 - Nýir greiðsluþegar
 - Eftirlit með ellilífeyri
 - Greiðsluskipting ellilífeyris
 - Athugun bankareikninga
 - Ógreidd iðgjöld í úrskurðum

Breytingayfirlit greiðsluþega

Hér getur sjóðurinn skrifað út lista yfir þá lífeyrisþega sem eru með breyttar forsendur á ákveðnu tímabili. Settur er inn greiðslumánuður og samanburðarmánuður.

Ef Greiðslustofa keyrir þennan lista, getur hún útilokað þá sjóði sem sinna sjálfir eftirliti með breytingum sinna greiðslubega.

[illegible]

Skýrslur vegna UE


- Skýrslur vegna UE
 - Lífeyrir til greiðslu
 - Uppgjör til tryggingastofnunar
 - Uppgjör til banka
 - Uppgjörsbréf sjóða

Hér eru nokkrir verkliðir sem eingöngu eru ætlaðir til notkunar vegna Umsjónarnefndar eftirlauna. GL hefur umsjón við vinnslum vegna UE.

Skýrslur umsókna

Umsóknarlisti


Sýnir allt um skráðar umsóknir, þar með skráðar athugasemdir. Hægt er að velja eftir ýmsum forsendum, t.d. stöðu umsóknar, til að hafa yfirsýn yfir þá aðila sem eru í vinnslu hjá trúnaðarlækni, vantar gögn hjá eða annað sem fá þarf yfirsýn yfir.



Úrskurðarskýrsla

Hér er úrskurðarskýrsla skrifuð út. Sett eru inn þau skilyrði sem við á.

Þessi skýrsla er ekki partur af úrskurðarkerfinu, en hún sýnir ÁR, Aldur, Sjóði og samtals vegna iðgjalda sem upplýsingar eru um í Jóakim.




Skýrslur sjóðfélaga

- Skýrslur sjóðfélaga
 - Sjóðfélagalisti
 - Límniðar til sjóðfélaga

Sjóðfélagalisti

Hér er hægt að fá út lista eftir ýmsu útvali, meðal annars lista yfir alla sjóðfélaga sem komnir eru yfir ákveðinn aldur og eiga tilgreind lágmarksréttindi í sjóðnum. Dánardagssetningarsvæði birtist sjálfkrafa autt til að fá eingöngu út lista yfir þá sem eru lifandi.

Skýrslan birtir upplýsingar um kennitölu og nafn sjóðfélagans, sjóðsdeild, iðgjöld, móttframlög, samtölur og réttindi (stig = stigastjóðir, upphæð = aldurstengdir-/séreignarsjóðir).



Límmiðar til sjóðfélaga

Hér er boðið upp á að skrifa út límmiða til sjóðfélaga með sömu útvalsmöguleikum og í sjóðfélagalistanum. Velja þarf límmiðategund úr flettilista.

Skýrslur markaðstaflna

Í skýrslum markaðstaflna er meðal annars hægt að fá yfirlit yfir grunnlaunatöflur og staðgreiðsluyfirlit.

Markaðskennitöluyfirlit

Í reitinn “Markaðsflokkur” er sett inn einkenni grunnlaunatöflunnar sem fá á yfirlit yfir, t.d. “GSAL”.

Samanburður markaðstölutaflna

Hér er hægt að fá samanburð á tveimur markaðsflokkum, t.d. grunnlaunatöflum.

Vaxtayıfirlit

Skýrslan sýnir þróun á vöxtum ákveðinnar vaxtatöflu. Niðurstaðan sýnir vexti skipta niður á mánuði og ár.

Staðgreiðsluyfirlit

Hér er sett inn sú skattatafla er skoða á. (SKAT fyrir staðgreiðslu, venjulega, SKAB fyrir staðgreiðslu barna). Greiðslustofa lífeyrissjóða sér um viðhald taflnanna.

Yfirlitið sýnir skattþróentu og persónuafslátt á mánuði fyrir hvert ár og meðaltals skattþróentu ásamt heildarpersónuafslætti ársins.

Skýrslur vegna sjúkdómagreiningar

Sjúkdómar og lífeyrisþegar

Hér er hægt að fá út lista yfir skiptingu örorkulífeyris eftir þeim sjúkdómaflokkum sem skráðir hafa verið á örorkulífeyrisþega.

Settur er inn greiðsluflokkurinn og t.d. greiðslumánuðurinn sem skoða á.

Einnig er hægt að einangra sig við ákveðinn sjúkdómakafli og eins röðunarnúmer sjúkdóms hjá greiðsluþega.

Makaskiptasamningar

Hér er hægt að sjá lista yfir þá samninga um skiptingu ellilífeyris, sem skráðir hafa verið inn á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða. Einnig er hægt að leita eftir ákveðnum samningi, með því að setja inn kennitölu annarshvors samningsaðilans. Ekki skiptir máli hvor kennitalan er sett inn, svo framarlega sem samningurinn hefur verið skráður inn.

Önnur gögn**Uppgjörsstýringar greiðsluþega**

Þessi verkliður er aðeins notaður af hlutfallssjóðum.

Hér er haldið utan um Greiðsluþega, grunnlífeyri, lanagreiðanda og hlutfall launagreiðandans.

Beiðnir um tekjuupplýsingar

Hér eru beiðnir um staðgreiðslu- og framtalsupplýsingar vegna örorkuumsókna í vinnslu skráðar. Greiðslustofa er með runuvinnslur sem lesa inn daglega staðgreiðslutekjur og framtalstekjur greiðsluþega og sópa þær vinnslur upp skráðum beiðnum og afgreiða.

Breytingasaga persónuafsláttar

Hér sést breytingasaga persónuafsláttar greiðsluþega, hafi orðið breyting á skráningu.

Breytingasaga skattþrepa greiðsluþega

Ef greiðsluþegi hefur beðið um breytingu á skattþrepi sínu eða áætluðum öðrum tekjum, sést breytingasagan hér.